

ELÍN RÓS HAUKSDÓTTIR

Æfir hundafimi með vini sínum Bláskjás Kal

• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HALLGRÍMUR ÓSKARSSON

Fékk netföng fræga fólksins fyrir misskilning

Sendi Brian May línu og fékk svar
FÓLK 30



DORRIT MOUSSAIEFF

Á ráðstefnu með Carl Lewis

Forsetafrúr sameinast um gott málefni
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. apríl 2009 – 94. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Pörfin sjaldan meiri en nú
Kristína Lentz hefur ásamt öðrum stofnað Ungmennafélag ABC-barna-hjálpar.
TÍMAMÓT 18

Mercedes Club hætt
Ceres 4 gefur út sólóplötu með ballöðum og slögurum.
FÓLK 22

Lindsay Lohan snýr við
Leikkonan sögð eiga í tygjum við karlmann.
FÓLK 24

Oddaleikir
Haukar og HK tryggðu sér bæði oddaleiki í undanúrslitum Íslandsmótsins í handbolta í gær með góðum sigrum.
ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRÁ Í dag verður víðast hæg suðvestlæg átt. Skúrir sunnan og vestan til og sums staðar norðan til síðdegis. Bjart veður allra norðaustast og austan til. Híti 5-12 stig, hlýjast á Austurlandi.
VEÐUR 4

Ný bragðtegund
Sælkerakaffi og súkkulaðiflögur

Ostakökurnar komnar í nýjar umbúðir!



Á LEIÐ TIL HAFNAR Varðskipið Týr fylgdi skútunni Sirtaki áleiðist til Eskifjarðar þegar þessi mynd var tekin austur af landinu síðdegis í gær. Áætlað er að hún komi til hafnar klukkan átta í morgunsárið. Um borð er Hollendingur sem sérsvaitarmenn hafa í sinni vörslu en Íslendingarnir tveir voru um borð í varðskipinu. Sjá síðu 2

AGS bendir á þörf á peningamálastefnu

Ekki er langt þangað til efnahagslífið tekur við sér, segir yfirmaður AGS á Íslandi. Peningamálastefna síðustu ára komin á leiðarenda, segir framkvæmdastjóri SA. Aðild að ESB eina færa leiðin, segir varaframkvæmdastjóri ASÍ.

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld þurfa að ákveða hvaða stefna verður hér tekin upp í peningamálum að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Þetta kom fram í erindi sem Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar sjóðsins hér á landi, flutti fyrir í mánuðinum á ráðstefnu Íslensks-ameríska verslunarráðsins í New York. Erindið fjallaði um efnahagshorfur hér, sem Flanagan sagði almennt ágætar; nauðsynlegt væri að koma á stöðugleika, afnema gjaldeyrishöft og lækka stýrivexti. Við það mætti vænta að draga myndi hratt úr verðbólgu. Þótt hagvöxtur hefði dregist hratt saman eftir fall bankanna sýndist honum ekki langt í efnahagsbata. „Samkomulag AGS og ríkis-

stjórnar Íslands tekur sem stendur ekki til endanlegs fyrirkomulags peningamála. Það kann þó að gera það á einhverjum tímamarki, þar sem Ísland ætti að búa við öfluga umgjörð stefnumála við lok samkomulagsins. Þetta er hins vegar mál sem taka ætti á þegar búið er að takast á við meira aðkallandi verkefni, svo sem því flókna verkefni að koma bankakerfinu í gang á nýjan leik. Þegar svo ræddir verða til fulls vakkostir í skipan peningamála getum við veitt tæknilega ráðgjöf, en ákvörðunin er á endanum Íslendinga að taka,“ segir Flanagan í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, lýsir einnig eftir nýrri pen-

ingamálastefnu. „Ég tel að þessi stefna, sem hefur verið fylgt, að hækka vexti og laða að fjármagn á fölskum forsendum og hækka gengi krónunnar upp úr öllu valdi, og horfa svo á það allt hrynja, sé eitt-hvað sem er komið á leiðarenda,“ segir hann. Halldór Grönvald, varaframkvæmdastjóri ASÍ, segir eina leið færa í þessum málum: að sækja um aðild að ESB og lýsa yfir að stefnt sé að upptöku evru. „Við teljum skipta mjög miklu máli að þessi yfirlýsing liggi fyrir hið allra fyrsta, því hún mun strax hafa áhrif á þau vaxtakjör sem ríkinu og fyrirtækjum bjóðast. Hún mun hafa áhrif á vilja erlendra kröfuhafa [...] til að taka þátt í þessu endurreisnarstarfi með okkur,“ segir Halldór. -jab / -kóp

Samið um útgáfu: Forlagið fær verk Laxness

MENNING „Það eru ýmis önnur vandamál sem steðja að okkur en að bókaforlög séu of stór,“ segir Guðný Halldórsdóttir, dóttir nóbelskálðsins Halldórs Laxness. Gengið hefur verið frá samningi milli erfingja Halldórs Laxness og Vöku-Helgafells um útgáfu verka skáldsins á næstu árum. Óvissa hefur verið um útgáfu þeirra eftir að Vaka-Helgafell varð hluti af Forlaginu og Samkeppniseftirlitið krafðist þess að útgáfurétturinn yrði seldur. Ekkert bókaforlag bauð í útgáfuréttinn, sem rann út síðasta sumar. Síðan þá hefur gengið á lagerinn af verkum Laxness. Erfingjar Laxness leituðu til Samkeppniseftirlitsins til að leysa málið og nú hefur sátt náðst í málinu. - hdm / sjá síðu 30



HALLDÓR LAXNESS

Norðvesturkjördæmi: Þrír flokkar jafnstórir

SKOÐANAKÖNNUN Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Vinstri græn eru nánast jafnstórir í norðvesturkjördæmi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Fréttastofu Stöðvar 2. Um fjórðungur segist ætla að kjósa hvern flokk fyrir sig og fengi því hver þeirra að minnsta kosti tvo kjördæmakjörna þingmenn en sá þriðji myndi falla þeim stærsta í hlut. Rúm 15 prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn og fengi flokkurinn einn kjördæmakjörinn þingmann, samkvæmt því. Aðrir flokkar myndu ekki fá kjördæmakjörinn mann inn. Kjósendur í kjördæminu leggja mesta áherslu á efnahagsmál, velferðarmál og fiskveiðimál. - ss / sjá síðu 4

Verjum velferð, sköpum störf

VINSTRÍ GRÆN

Rjómaostur
frá Ostahúsinu er bragðgóður, mjúkur og léttur og inniheldur fáar hitaeiningar.



Við elskum alla

Nú geturðu valið þér **sex vini** hjá hvaða farsímafyrirtæki sem er.

Talaðu fyrir 12.000!



SONY ERICSSON
G502

Þú getur
talað fyrir
12.000 kr.
1.000 kr. inneign
á mánuði í eitt
ár fylgir.

Símalán - útborgun:
900 kr.

Aðeins 2.000 kr. á
mánuði í 12 mánuði.
Verð: 24.900 kr.

Gildir á meðan birgðir endast

0 kr. á netið í símanum
á kvöldin og um helgar

Gildir frá kl. 19.00 - 24.00
mánudaga til fimmtudaga og
frá kl. 19.00 á föstudögum til
miðnættis á sunnudögum.

Gildir til
1. JÚNÍ

M-IÐ Í SÍMANUM

Farðu á netið í
símanum og sláðu
inn m.siminn.is og þú
ert kominn á M-ið,
upphafið að endalausri
afþreyingu.



Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

VERJUM VELFERÐ

VIÐ SEGJUM *FYRIR* KOSNINGAR HVAÐ VIÐ VILJUM GERA *EFTIR* KOSNINGAR

Það er aldrei mikilvægara að verja velferðina en þegar kreppir að í efnahags- og atvinnumálum. Undir forystu **Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra** hafa Vinstri græn staðið vörð um velferðina. Við höfum m.a. fellt niður innritunargjöld á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, komið í veg fyrir að St. Jósefsspítali yrði lagður niður, lækkað lyfjakostnað og stóraukið samráð við starfsfólk og hagsmunaaðila. Vinstri græn vilja halda áfram að forgangsraða í þágu velferðar og leggja þannig grunn að norrænu velferðarsamfélagi. Vinstri græn vilja meðal annars:

- Verja heilbrigðiskerfið fyrir niðurskurði með áherslu á að viðhalda störfum.
- Falla frá frekari einkavæðingu og gjaldtöku í velferðarkerfinu til að jafna aðgengi og minnka kostnað ríkisins.
- Verja kjarasamningsbundin laun og jafna kjör og vinnutíma starfsmanna í velferðarþjónustunni.
- Draga verulega úr kostnaði foreldra vegna tannlækninga barna.
- Efla lýðheilsu og auka heimaþjónustu og heimahjúkrun.

Kynntu þér velferðarstefnu Vinstri grænna á vg.is



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is

Ögmundur Jónasson, 2. sæti Suðvesturkjördæmi

KJÖRKASSINN

Hefur þú náð ólöglega í höfundarréttarvarið efni í gegnum netið?

Já	33%
Nei	67%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu búin(n) að ákveða hvað þú ætlar að kjósa?

Segðu skoðun þína á vísir.is **vísir**

Fulltrúi Torfusamtakanna gagnrýnir málflytning eigenda tómra húsa:

Segir verktaka beita þrýstingi

SKIPULAGSMÁL Þórður Magnússon hjá Torfusamtökunum segir að verktakar sem eigi húseignir í miðbænum geti ekki eingöngu kennt borgaryfirvöldum um að þær séu tómra eða í niðurníðslu. Hann segir enn fremur að þeir beiti aðra eigendur þvingunum til að komast yfir húseignir á heilum byggingarreitum.



ÞÓRÐUR MAGNÚSSON Verktakar geta ekki einungis kennt borgaryfirvöldum um niðurníðslu húsa í miðborginni, segir Þórður.

„Það er nokkuð varhugavert hjá verktökum, sem eiga mörg þessara auðu húsa í miðbæ Reykjavíkur, að kenna borgaryfirvöldum eingöngu um það hversu hægt hefur gengið með uppbyggingu á þessum reitum sem búið er að leyfa niðurrif á,“ segir Þórður Magnússon hjá Torfusamtökunum.

„Hefðu þeir kosid að koma með tillögur sem væru í samræmi við það deiliskipulag sem var í gildi

2003 hefði enginn getað staðið í vegi fyrir þeim. En þeir vita upp á sig sökina því þeir hafa alltaf sóst eftir að fá að byggja meira og rífa meira en deiliskipulagið leyfir.“

Hann segir mörg dæmi þess að íbúar hafi kvartað undan ógæfu-fólki í húsum í eigu verktaka. „Það bjó fólk á Frakkastígs-Laugavegsreitnum fyrir tíu árum og þá var þetta notalegt íbúðarhverfi, með fallegum bakgördum. Síðan hafa verktakar séð að það megi rífa þessi hús og þá hafa þeir keypt þau og leigt ógæfu-fólki. Með því skapa þeir þrýsting á þá sem eftir eru að færa sig og þannig leggja þeir undir sig reitinn.“

Lánasjóður sveitarfélaga:

Milljarður í tekjuafgang

FIÁRMÁL Lánasjóður sveitarfélaga ohf. stendur vel og skilaði 1,2 milljörðum króna í tekjuafgang á síðasta ári. Tekjurnar voru sex milljón krónum meiri en á árinu 2007.

Í nýjasta hefti Sveitarstjórnarmála kemur fram að sjóðurinn hefur ekki tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967. Ávöxtun á lausu fé árið 2008 var einnig góð, en það er að mestu varðveitt í Seðlabankanum. Eigið fé um áramótin var 11,3 milljarðar, ríflega milljarði meira en árið á undan. Gert er ráð fyrir svipadri afkomu á árinu 2009 og síðustu tvö ár.

THULE SWEDEN **Hjólafestingar**

Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Gagnrýna villandi pólítískar auglýsingar

Forsvarsmenn VG og Samfylkingar gagnrýna birtingu Fréttablaðsins og Morgunblaðsins á nafnlausum pólíttiskum auglýsingum. Innihalda hræðsluáróður og lygar segir formaður VG. Nafnlausar auglýsingar eru á ábyrgð ritstjóra.

STJÓRNMÁL Afar alvarlegt er að Fréttablaðið og Morgunblaðið birti nafnlausar auglýsingar með hræðsluáróðri og lygum um stefnu vinstriflokkanna, segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinsti grænna.

Undir það tekur Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar. Bæði Samfylkingin og Vinstri græn hafa sent ritstjórum blaðanna bréf þar sem birtingu á nafnlausum auglýsingum með pólíttiskum áróðri er mótmælt.

„Þessar auglýsingar tala fyrir sig sjálfar. Það hefur ekki verið venjan að menn fari yfir í að reyna að afbaka málflytning annarra,“ segir Steingrímur.

Undir auglýsinguna skrifar Áhugahópur um endurreisn Íslands. Þar er varað við skattahækkunum komist Samfylking og Vinstri græn til valda eftir kosningar, og tekin dæmi um meintar skattahækkanir.

„Ég hef ekkert á móti því að menn takist á, en það er dapurlegt ef einhverjir sem blanda sér í baráttu hafa ekkert fram að færa og byggja baráttuna á því að rangtúlka áherslur annarra,“ segir Steingrímur.

Hann segir skattastefnu VG liggja fyrir í kosningastefnuskrá. Þar sé til að mynda skýrt að engin áform séu uppi um að setja á eignaskatt, og ekki hafi verið rætt um skattahækkanir á fyrirtæki. Fullyrðingar um annað séu hrein ósannindi.

Aðrar upplýsingar sem fram komi í auglýsingunni séu svo ýmist beinlínis rangar eða settar fram með afar villandi hætti.

„Einhvers staðar er komin sú órvænting í kosningabaráttunum að menn grípa til þessara ráða,“ segir Steingrímur. Hann segir að birtingu á slíkum neikvæðum auglýsingum snúist vonandi í höndum þeirra sem beiti slíkum meðölum og fólk gleypi ekki nafnlausan áróður.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



SIGRÚN JÓNSDÓTTIR

SKATTAHÆKKANIR
Það boðar vinstri stjórn!
Samfylkingin og Vinstri grænir
áformna skatta ofan á staðgreiðsluskatta

1. Hátækisakuttur á laun yfir 500 þúsund krónum

Mánaðar laun	Skattur núna	Væðir á ári	Átt á ári
800.000	180.795	30.000	2.207.540
700.000	160.795	27.000	2.090.340
600.000	140.795	24.000	1.973.140
500.000	120.795	21.000	1.855.940
400.000	100.795	18.000	1.738.740
300.000	80.795	15.000	1.621.540
200.000	60.795	12.000	1.504.340
100.000	40.795	9.000	1.387.140

2. Eignaskattur 2%

3. 40% hækkun fjármagnstekjuskatts á fjármagnstekjum yfir 120.000 krónum

4. Hækkun skatta á fyrirtæki

AUGLÝSING Ekki kemur fram hver stendur fyrir auglýsingunum. Því bera ritstjórar fjölmiðla sem birta þær ábyrgð á efni þeirra samkvæmt lögum um prentrétt.

síðasta vetrardag-
Hafnarborg 22. apríl kl. 20
fyrsta sumardag-
Neskirkja 23. apríl kl. 16

Sigrún Hjálmtýsdóttir
Jónas Þórir
Jón Kristinn Cortez

PRESTIR
VORTÓNLEIKAR 2009

Auglýsingasími
512 50 50

- Mest lesið

Almannatengill hafði milligöngu um kaup á pólíttiskum auglýsingum í blöðum:

Gefur ekki upp aðstandendur

Þór Jónsson almannatengill hafði milligöngu um kaup hóps sem kallar sig Áhugafólk um endurreisn Íslands á heilsíðuauglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Hann segir að ábyrgðarmenn og greiðendur auglýsingarinnar hafi fullrytt við sig í gær að þeir muni gera grein fyrir sér í dag.

Í auglýsingunum eru settar fram fullyrðingar um áform Samfylkingar og Vinstri grænna um skattahækkanir. Ekki kemur fram hverjir standa fyrir auglýsingunum. Auglýsingarnar hafa verið gagnrýndar fyrir nafnleysi

þeirra sem að þeim standa. Einnig hafa þær upplýsingar sem þar eru settar fram verið gagnrýndar.

Þór segir að hans eina aðkoma að auglýsingunum hafi verið að fá upplýsingar um verð og senda auglýsingarinnar inn. Það hafi hann gert sem almannatengill í aukastarfi.

„Ég tók að mér verkefni og leysti það af hendi eins og fyrir var lagt. Ég get ekki sagt hver fólk mér það en ábyrgðarmenn og greiðendur aug-



ÞÓR JÓNSSON

lýsingarinnar hafa fullrytt við mig að þeir gefi sig fram á morgun [í dag],“ segir Þór. Hann veit ekki til þess að til standi að birta fleiri auglýsingar á næstunni.

Þór starfar sem forstöðumaður almannatengsla hjá Kópavogsbæ, en tekur fram að aðkoma hans að auglýsingunum tengist starfi hans þar ekki á nokkurn hátt. Þór á að baki langan feril sem fjölmiðlamaður og var til að mynda fréttamaður á Stöð 2 og NFS.

Með hækkandi sól...



© Inner IKEA Systems B.V. 2009

LINDMON
rimlagluggatjöld
1.990,-

1. LINDMON rimlagluggatjöld B60×L155cm. 1.990,-
Má stytta með því að fjarlægja rimla. Hægt að festa í loft eða á vegginn. Fást í brúnu, hvítu og ólituðum við í 5 breiddum og 2 lengdum, þannig að þær henta nánast hvar sem er.

2. ENJE rúllugardínur B60×L250cm. 2.990,-
Rúllugardína sem síar dagsljósið. Dregur úr glampa á sjónvarpstækjum og tölvuskjám. Hægt að festa í loft eða á vegginn. Fást í hvítu, dökkgráu og fjólubláu í 5 breiddum.

3. TUPPLUR rúllugardínur B60×L195cm. 1.690,-
100% myrkvun. Akrylhúðað bómullarefni. Veggfestingar fylgja með. Fæst í svörtu og hvítu í 8 mismunandi breiddum. Hægt að taka af hliðum, þannig að þær henta nánast hvar sem er.

4. MERETE gardínur B145×L300cm. 5.490,-/2 í pk.
Þykkar gardínur sem sía sólarljósið. Auðvelt að stytta í viðeigandi lengd. Fæst í drapplituðu, dökkbláu og fjólubláu.

5. IKEA STOCKHOLM BLAD gardínur B145×L300cm. 12.990,-/2 í pk.
Fóðraðar gardínur sem draga úr hljóði og sólarljósi. Auðvelt að stytta í viðeigandi lengd. Rykking efst. Ýmis myndur.

+ Niðamyrkur
TUPPLUR gardínur koma í veg fyrir að ljós komist inn í herbergið, hvort sem þú velur svartar eða hvítar. Gardínurnar fást í 5 stærðum, þannig að þú finnur örugglega þær sem henta glugganum þínum og heimilinu best.

Nánari upplýsingar um stærðir og verð er að finna á www.ikea.is



2
ENJE
rúllugardínur
2.990,-



3
TUPPLUR
rúllugardínur
1.690,-



4
MERETE
gardínur
5.490,-/2 í pk.



5
IKEA STOCKHOLM BLAD
gardínur
12.990,-/2 í pk.



Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

APRÍL TILBOÐ



**35%
AFSLÁTTUR!**

Prýstijöfnunar-
svamprúm
Queen size (153x203)
Verð 165.500 kr.

NÚ 107.575 kr.

ÞÝSTIJÖFNUNARSVAMPUR

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Hefur óviðjanfnanlega þyngdardreyfingu
- Það er engin hreyfing milli svefnsvæða
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð



20-30% AFSLÁTTUR

**AF FJÖLSTILLANLEGUM
HEILSURÚMUM**

(2x80x200)
Hægt er að velja um nokkrar
gerðir af heilsurúmum

VERÐ FRÁ 199.000 kr.

20-30% AFSLÁTTUR

AF SVEFNSÓFUM

Einn stæðsti og glæsilegasti
svefnsófa-sýningarsalur landsins

VERÐ FRÁ 37.840 kr.

**30%
AFSLÁTTUR!**

Leður rúmstæði með
laxex heilsudýnu
(160x200)
Verð 247.180 kr.

NÚ FRÁ 173.026 kr.

**25%
AFSLÁTTUR!**



HEILSUKODDAR
FRÁ 7.900 kr.

SÆANGURFATNAÐUR
FRÁ 5.300 kr.

Með öllum keyptum rúmum er
25% AFSLÁTTUR af öllum vörum
í mjúku deild Rekkjunnar

rekkjan

ÓDÝRT Í HAGKAUP



UNGNAUTA
GÚLLAS

1.494 kr/kg.

Merkt verð 2.298.-



UNGNAUTA
SNITSEL

1.494 kr/kg.

Merkt verð 2.298.-



NAUTAKÓTILETTUR
AÐ ARGENTÍSKUM HÆTTI

1.574 kr/kg.

Merkt verð 2.098.-



CAJ P'S
FÓLALDAVÖÐVAR

1.491 kr/kg.

Merkt verð 1.988.-



KJÚKLÍNGABRINGUR
LAUSFRYSTAR

1.399 kr/kg.

Gildir til 26. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



Í PONTU Í GENF Ahmadinejad flytur ávarp sitt á ráðstefnunni. Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri SP, hlýðir á.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íransforseti hleypir upp ráðstefnu SP

Mahmoud Ahmadinejad er eini þjóðhöfðinginn sem sækir ráðstefnu SP gegn kynþáttamisrétti í Genf. Hann hleypði henni upp með gagnrýni á Ísrael í ávarpi í gær. Fulltrúar Evrópuríkja gengu af fundi. Bandaríkin sniðganga ráðstefnuna alveg.

GENF, AP Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti sakaði Vesturlönd um að beita helför nasista gegn gyðingum til að réttlæta að réttur væri þverbrotinn á Palestínaröðum. Þessi ummæli urðu fulltrúum Evrópuríkja á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um kynþáttamisrétti, sem hófst í gær í Genf í Sviss, tilefni til að ganga af fundi í mótmælas kyni. Bandaríkjastjórn sniðgekk ráðstefnuna alveg og Ísraelsstjórn gekk svo langt að kalla sendiherra sinn í Sviss heim vegna megnrar óánægju sinnar með að Íransforseta skyldi boðið að ávarpa ráðstefnuna.

Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri SP, átti fund með Ahmadinejad áður en hann flutti ávarp sitt. Kvaðst Ban hafa ráðlagt Íransforseta að tala gætilega til að forðast

að hleypa upp ráðstefnunni. Eftir ávarpið lýsti Ban vonbrigðum sínum; Ahmadinejad hefði notað ávarpið „til að ásaka, kljúfa og jafnvel fara með hatursáróður;“ þveröfugt við tilgang ráðstefnunnar.

Í ávarpinu sagði Ahmadinejad meðal annars, að Bandaríkin og Evrópa hefðu staðið að stofnun Ísraelsríkis eftir síðari heimsstyrjöld, en það hefði verið gert á kostnað Palestínumanna.

„Þeir gripu til hernaðaryfirgangs til að gera heila þjóð heimilislausu með þjáningu gyðinga að yfirvarpi,“ sagði hann.

Það varð um fjórutíu erindrekum Frakklands, Bretlands og fleiri Evrópuríkja tilefni til að yfirgefa salinn. Áður en ráðstefnan hófst höfðu ráðamenn þessara ríkja varað við því að fulltrúar þeirra

myndu yfirgefa ráðstefnuna ef hún yrði vettvangur gyðingaandúðar eða annarra sjónarmiða sem fælu í sér harkalega gagnrýni á Ísrael. Sú staða kom upp á síðustu kynþáttamisréttis-ráðstefnu SP sem fram fór í Suður-Afríku fyrir átta árum.

Ahmadinejad bætti við að hann teldi Ísrael vera „grimma kynþáttamisréttis-kúgunarstjórn“.

Ungir franskir gyðingar í grímubúningum höfðu uppi hávær mótmæli í salnum og hentu rauðum trúðsnefjum í Ahmadinejad er hann hugðist hefja mál sitt. Mótmælendurnir sögðu síðar að þeir hefðu verið að reyna að koma því til skila „hvers konar skripaleikur þessi ráðstefna er“.

Fulltrúar Íslands gengu ekki úr salnum.

audunn@frettabladid.is

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Starfsendurhæfing • hvatning – þátttaka – tækifæri

Morgunverðarfundur með Gail Kovacs
Þriðjudaginn 28. apríl 2009 kl. 8.15 – 10.00
á Grand Hótel Reykjavík.

Gail Kovacs er sérfræðingur á sviði starfsendurhæfingar og hefur starfað sem alþjóðlegur ráðgjafi á því sviði um áratuga skeið í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum.



Dagskrá:

- **Vigdís Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingarsjóðs. „Hlutverk og áherslur Starfsendurhæfingarsjóðs“
- **Gail Kovacs**, sérfræðingur í starfsendurhæfingu og alþjóðlegur ráðgjafi. „Vocational Rehabilitation: The Capacity to Avoid Incapacity“
- **Umræður** með þátttöku fundarmanna

Fundarstjóri er Ingibjörg Þórhallsdóttir, sérfræðingur hjá Starfsendurhæfingarsjóði.

Fundurinn og veitingar eru í boði Starfsendurhæfingarsjóðs. Þátttakendur eru beðnir um að skrá þátttöku sína fyrir sunnudaginn 26. apríl nk. á www.virk.is. Einnig er hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á virk@virk.is

– Verum virk

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 33 **Velta:** 126 milljónir
OMX ÍSLAND 15 **OMX ÍSLAND 6**
 313 **-1,58%** 649 **-1,98%**

MESTA HÆKKUN **MESTA LÆKKUN**
 ↑ **BAKKAVÖR** +0,89% ↓ **CENTURY ALU.** -5,2%
 ↓ **MAREL** -4,59%
 ↓ **ÖSSUR** -1,95%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 173,50 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,13 +0,89% ... Eik Banki 91,50 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Feroya Banki 120,00 -1,64% ... Icelandair Group 5,00 +0,00% ... Marel Food Systems 52,00 -4,59% ... Össur 90,70 -1,95%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN **nánar á vísir.is**

Ný útlán 41 til 47 milljarðar

Ný útlán Íbúðalánasjóðs á árinu verða átta til tíu milljörðum lægri en áður hafði verið ráð fyrir gert, samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að ný útlán nemi 41 til 47 milljörðum króna. Þar af verði leiguíbúðalán 12 til 14 milljarðar, en það er um tveggja milljarða lækkun frá fyrri áætlun, samkvæmt tilkynningu Íbúðalánasjóðs.

Sjóðurinn gerir ráð fyrir að gefa út íbúðabréf fyrir 33 til 38 milljarða á árinu til að fjármagna ný útlán, en það er lækkun um þrjá til sex milljarða frá fyrri tölum.

Þá áætlar Íbúðalánasjóður að greiðslur til lánardrottna nemi á bilinu 59 til 65 milljörðum króna á árinu, sem sé lækkun um tvo milljarða frá fyrri áætlun.

„Töluverð óvissa ríkir um útlána- og útgáfuáætlanir í ljósi breyttra aðstæðna á fjármála- og fasteignamarkaði. Nákvæm-



Í ÞJÓDMENNINGARHÚSINU Myndin er frá undirritun samkomulags stjórnvalda og lánveitenda fasteignaveðlana um samræmingu aðgerða vegna greiðsluferðleika lántakenda fyrir í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Tölvurisar í eina sæng

Bandaríska hugbúnaðarfyrtækið Oracle hefur gert bindandi tilboð í hugbúnaðarfyrtækið Sun Microsystems.

Tilboðið hljóðar upp á 5,6 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 725 milljarða króna. Reiknað er með því að kaupin gangi í gegn í sumar.

Bandaríska fréttastofan CNN segir Sun Microsystems vera eftirsóttan bita, en stjórn fyrirtækisins ýtti tilboði upp á sjö milljarða dala frá IBM út af borðinu fyrir í mánuðinum.

Hluthafar Sun Microsystems og samkeppnisfyrirvöld eiga eftir að gefa grænt ljós á tilboðið.

- jab



LANDSBANKINN Lægra fasteignaverð er liður í því að verðbólga dregst hratt saman. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

LÍ spáir 11,1 prósent
verðbólgu

Hagfræðideild Landsbankans spáir því að verðbólga lækki um 4,1 prósent á milli mánaða og verði 11,1 prósent í apríl. Verðbólga mældist 15,2 prósent í síðasta mánuði.

Deildin segir í fréttabréfi sínu muna um að húsnæðisverð hafi lækkað hratt, en fasteignaliðurinn myndar þriðjung af verðbólguáætlunum. Þá fellur verðbólguáætlun frá apríl í fyrra út úr ársverðbólguáætluninni nú. Hún mældist 3,4 prósent innan mánaðar fyrir ári en hagfræðideildinni reiknast til að hún verði 0,3 prósent nú.

Deildin spáir því að verðbólga haldi áfram að minnka hratt og fari undir tíu prósent í maí. Gangi það eftir hefur verðbólga ekki verið minni síðan í mars í fyrra.

- jab



KENNETH LEWIS

Koma sterkir inn í nýja árið

Bank of America, umsvifamesti banki Bandaríkjanna, hagnaðist um 4,2 milljarða dala, jafnvirði 544 milljarða íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Til samanburðar nam hagnaðurinn 1,2 milljörðum dala á sama tíma í fyrra.

Megnið af hagnaðinum kemur úr ranni fasteignalánafyrirtækisins Countrywide, sem bankinn tók yfir í fyrra, og Merrill Lynch, fjárfestingarbankans sem Bank of America keypti um áramótin.

Kenneth Lewis, forstjóri bankans, segir góða afkomu nýttast vel við afar erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum.

Bankinn hefur fengið 45 milljarða Bandaríkjadala úr neyðarsjóði hins opinbera vestan hafs fyrir fjármálafyrirtæki í vanda stödd. Það jafngildir rúmum sex prósentum af fjármagni sjóðsins.

- jab



ESB snýst um vinnu og velferð

Það þarf að vera algjört forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Okkur ber skylda til að láta reyna á þennan möguleika til að tryggja íslenskum fjölskyldum og fyrirtækjum sömu kjör og best gerast í Evrópu. Viðræður eru mikilvægt skref. Að þeim loknum hefur þjóðin svo síðasta orðið í atkvæðagreiðslu um niðurstöðuna.

Við erum sammála helstu samtökum launafólks og atvinnurekenda um kosti aðildar að ESB:

- Hraðari endurreisn
- Lægri vextir
- Afnam verðtryggingar
- Stöðugur gjaldmiðill
- Meira frelsi til náms erlendis
- Afnam gjaldeyrishafta
- Fjölbreyttari atvinnusköpun
- Fullt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum
- Öflugri velferðarþjónusta

Evrópusambandið er náið samstarf 27 fullvalda ríkja um eflingu raunverulegra lífsgæða og hugsjóna lýðræðis og jafnréttis. Við teljum að Íslendingar eigi fullt erindi í þetta samstarf því það mun tryggja að endurreisnin á Íslandi verði á traustum grunni.

www.xs.is





Fátt sagt um niðurskurðarleiðir

Hvernig loka á 150 milljarða króna fjárlagagati er risaverkefni sem bíður stjórnvalda á næsta kjörtímabili. Flokkarnir takast á um hvort hækka beri skatta. Hjá niðurskurði í ríkisrekstri verður ekki komist en mótaðar leiðir til sparnaðar liggja ekki á lausu.

Útgjöld ríkisins árið 2009 verða tæplega 556 milljarðar króna. Á móti koma rúmlega 400 milljarðar í tekjur. Það verður því verkefni næstu ríkisstjórnar að loka rúmlega 150 milljarða króna fjárlagagati á næsta kjörtímabili. Samkvæmt áætlun Alþjóðagjaldveyrissjóðsins (AGS) verður niðurskurðurinn 35 til 55 milljarðar árið 2010, en margir halda því fram að miðað við stærð verkefnisins þurfi að ganga enn lengra. Miðað við væntanlega hagþróun næstu ára liggur fyrir að stjórnvöld eiga tvo kosti til að brúa fjárlagahallann sem þau standa frammi fyrir.

Skattahækkunir

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir landsfund Vinstri grænna í lok mars að blönduð leið niðurskurðar og tekjuöflunar með skattahækkunum væri eina færa leiðin til að loka fjárlagagatinu á næstu tveimur til þremur árum. Steingrímur sagði síðar á opnum fundi fjárlaganefndar í byrjun apríl að tillögur í skattamálum yrðu kynntar þegar tekju- og gjaldahlíðar fjárlaga næsta árs yrðu ræddar í sumar.

Vinstri græn eru eini stjórnsmálaflokkurinn sem hefur gengið fram fyrir skjöldu og viðurkennt fyrir sjálfum sér og öðrum að skattahækkunir þurfi að fara saman við niðurskurð í ríkisbúskapnum. Þetta hafa fulltrúar þeirra kynnt sem blandaða leið. Í viðtali Fréttablaðsins við fjármálaráðherra kallaði hann eftir hugmyndum um hvernig leysa mætti hinn gríðarlega vanda sem fram undan er með öðrum hætti. Hann bauð líka upp á svar við eigin spurningu þegar hann sagði: „Eg held að sú leið sé ekki til.“

Stefna Vinstri grænna er skýr. Í kosningaáherslum flokksins kemur fram að dreifa skuli skattaþyrðinni með réttlátum hætti og nota beri skattkerfið markvisst til

tekjuöflunar með þrepaskiptum tekjuskatti eða álagi á há laun. Tvö ný hátekjuskattþrep áætla Steingrímur að gefi ríkissjóði allt að fjóra milljarða í auknar tekjur.

Kosningaáherslur flokksins gera jafnframt ráð fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts; tryggja á lágan virðisaukaskatt á nauðsynjavörum en slíkum skatti á munaðarvarning verði haldið hærri, samkvæmt stefnu.

Borgarahreyfingin er þeirrar skoðunar að hækkun á háar tekjur komi til greina og eins megi leggja hærri virðisaukaskatt á valda vöruflokka.

Kemur ekki til greina


Sjálfstæðisflokkurinn útilokar hins vegar skattahækkunir með öllu með þeim rökum að ekki sé fyrir séð hver áhrif skattahækkana verði við þær aðstæður sem ríki í efnahagslífinu. Hætt sé við að skattahækkunir leiði til enn frekari samdráttar sem muni þrengja skattstofna og mögulega draga úr heildarskatttekjum á endanum.

Í landsfundarályktun segir: Við skattleggjum okkur ekki út úr kreppunni. Þar er lofað að Sjálfstæðisflokkurinn muni beita sér af fullum þunga gegn endurupp-töku eignaskatts og hátekjuskatts. Eignaskattur sé ósanngjarn og komi einkum illa við eldra fólk. Frekari hækkun skatta væri til-ræði við kaupmátt almennings og myndi gera honum erfiðara að komast í gegnum efnahagsþreng-ingarnar sem nú séu hafnar. Sjálfstæðisflokkurinn hvetur sveitarfélög sérstaklega til þess að standa gegn hækkun skatta.

Lýðræðishreyfingin hefur afdráttarlaust lýst því yfir að frekari skatta sé ekki hægt að sækja til þrautþindra heimila í landinu.

Fátt um svör

Samfylkingin hefur ekki svarað því afdráttarlaust hver afstaða hennar sé til hækkunar skatta.



KRÓNUR Verkefni stjórnvalda er að skera niður um 150 milljarða á næstu þremur árum. Hvað leiðir verða farnar við það verkefni liggur ekki fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvort hátekjuskatt varðar verði slík gjöld aðeins sett á sem neyðarúrræði, flokkurinn leggst gegn hækkun tekjuskatts en tekur fram að ef til slíks komi verði persónu-afsláttur að hækka á móti til að tryggja að hinir tekjulægri beri ekki skarðan hlut frá borði.

Framsóknarflokkurinn segir að markmiðið sé að þær tekjur sem þurfi til lágmarksframfærslu verði ekki skattlagðar. Um skattamál segir Frjálslyndi flokkurinn í stefnuskrá sinni að standa beri sérstaklega vörð um ráðstöfunar-tekjur láglaunafólks, aldraðra og öryrkja. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu Frjálslyndra er hátekjuskattur því ekki útilokaður.

Leiðir til niðurskurðar

Enginn stjórnsmálaflokkur leggst gegn því að skera niður í ríkisfjármálunum; það verður einfaldlega ekki komist hjá því, og hvert mannsbarn í landinu hefur sætt sig við þá staðreynd. Það má hins vegar leita lengi í stefnuskrám og landsfundasamþykktum flokkanna að því hvernig nákvæmlega verði að niðurskurðinum staðið. Hins vegar má segja að sátt sé um að verja mennta- og velferðarkerfið eins og kostur er í framtíðinni. Þetta eru stærstu útgjaldaliðirnir í rekstri hins opinbera, og óútskýrt hvernig á að komast hjá því að taka verulega fjármuni þaðan.

Vinstri græn ætla að skera niður alla hernaðartengda starfsemi og spara í rekstri ráðuneyta, yfir-stjórn stofnana og sendiráða með því að afnema sérkjör. Í stjórn-

málaumræðu síðustu daga hefur komið fram hjá forsvarsmönnum flokksins að laun opinberra starfsmanna verði að lækka. Launalækkun er að mati flokksins mun vænlegrri leið en að fækka starfsfólki.

Margt er líkt með...

Í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins er tekið sérstaklega til þess að draga verði úr útgjöldum og eru skilyrði AGS þar nefnd. Þannig liggja fyrir að hagræða þurfi um tugi milljarða í rekstri hins opinbera á næstu árum. Af þessum sökum beri að „skilgreina þá grunnþjónustu sem ríkið á að sinna. Niðurskurðurinn mun óhjákvæmilega taka til allra þátta hins opinbera“, segir í stefnuyfirlýsingu. Forsvarsmenn flokksins hafa að undanfögnu svarað spurningunni um niðurskurð á þann hátt að öll ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki á vegum ríkisins þurfi að taka til rækilegrar skoðunar. Sumar stofnanir þurfi að leggja niður eða sameina, auk þess sem verkefnum þurfi að fresta. Eins hafa sjálfstæðismenn bent á þá leið að tekjutingja barnabætur.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur gagnrýnt ríkisstjórnarflokkana fyrir að gera ekki grein fyrir hvernig niðurskurði ríkisfjármála verði háttáð á næsta kjörtímabili, sitji hún áfram. Það verður hins vegar ekki séð að svo mikill munur sé á hugmyndavinnu Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um hvernig flokkarnir hyggjast skera niður. Samfylkingin segir í kosningaáherslum sínum að til þurfi að

koma „vönduð forgangsröðun opinberra útgjalda þar sem framlög til velferðarmála verði sett í öndvegi“. Flokkurinn vill markvissa fjármálastjórn ríkis og sveitarfélaga og vinna að skipulagsbreytingum til hagræðingar, svo sem með sameiningu stofnana þar sem það á við.

Framsóknarflokkurinn nefnir ekki niðurskurð í ríkisfjármálum í kosningastefnuskrá sinni. Málflutningur flokksins í kosningabaráttunni er að það þurfi að hagræða. Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sagði hins vegar á borgarafundi nýlega að það væri óumflýjanlegt að skera niður í mennta- og velferðarkerfinu. Hún taldi fullyrðingar um annað lýsa fullkomnu óraunsæi.

Ekkert gefið upp

Auðvitað stendur vinna við að útfæra niðurskurðaraðgerðir yfir í öllum ráðuneytum, og það hefur verið staðfest í fjölmörgum. Ekkert er hins vegar gefið upp um þá vinnu. Fjármálaráðherra sagði nýlega að ríkisstjórnin væri ekki búin að útfæra niðurskurðaraðgerðir, en það væri nauðsynlegt. Ef marka má stefnu og kosningaáherslur flokkanna, sem og stjórnsmálaumræðuna, er mikið verk óunnið í þeim efnum.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Pitt félag



Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl 2009 kl. 18 að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Lagabreytingar
Kosning fulltrúa á ársfund Stafa.
Önnur mál.

Stjórnin

www.ftr.is

TILBOÐSVERÐ TIL APRÍLLOKA

ELDHÚSDAGAR Í ORMSSON

... þú færð það aðeins betra hjá



**20%
afsláttur**

af öllum **HTH** innréttingum!

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir og framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í **ORMSSON LÁGMÚLA 8** og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum. Við vinnum með þér tillögur að nýja drauma-eldhúsinu án skuldbindinga og gerum þér *frábært verðtilboð*.

**20%
afsláttur af
hágæða AEG
eldhústækjum***

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

* með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

Birtist í Morgunblaðinu 12. júlí 2008

Opið bréf

Reykjavík 12. júlí 2008

Forsætisráðherra, Geir H. Haarde
Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Stjórn FÍS hefur verulegar áhyggjur af því alvarlega ástandi sem skapast hefur í íslensku efnahagslífi.

Gengissveiflur undanfarna mánuði, sem mældar eru í tugum prósentu, staðfesta að íslenska krónan og íslenskt peningakerfi fær ekki staðist til lengdar. Engan tíma má missa til að koma á stöðugleika í gengismálum þjóðarinnar.

Skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði meðal félagsmanna FÍS nýlega staðfestir að mikill meirihluti aðildarfyrirtækja telur að breytinga sé þörf á peningastefnu þjóðarinnar.

Efnahagsnefnd FÍS hefur fjallað um niðurstöður könnunarinnar og styður stjórn félagsins áskorun hennar til Ríkisstjórnar Íslands að hún beiti sér fyrir því að hafnar verði aðildarviðræður við Evrópusambandið. Virðist það vera eina raunhæfa leiðin til að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi.

Þó skoðanir séu skiptar meðal félagsmanna FÍS um aðild að Evrópusambandinu þá er eining um að rétt sé að hefja könnunarviðræður til að fá fram hvaða valkostum þjóðin stendur frammi fyrir við hugsanlega inngöngu. Ennfremur kemur fram í könnuninni að mikill meirihluti félagsmanna vill upptöku evru á Íslandi. Þess vegna leggur FÍS til að stjórnarskráin og lagaumhverfið verði lagfært ef þörf er á, þannig að tæknilegar hindranir seinki ekki aðild að Evrópusambandinu meti meirihluti þjóðarinnar að sú leið sé íslensku þjóðinni fyrir bestu.

Aðgangur að lánsfé til eðlilegs viðhalds atvinnulífsins er afar takmarkaður. Ný verkefni og nýjar framkvæmdir eru að stöðvast og þau vaxtakjör sem þjóðast hjá bönkunum eru algjörlega óviðunandi og óþolandi. Með upptöku evru á Íslandi ættu lánakjör hér á landi að verða sambærileg við Evrópu.

Stjórn FÍS skorar á ríkisstjórn að gera ráðstafanir strax til að koma í veg fyrir enn alvarlegri samdrátt en þegar er orðinn.

Stjórn FÍS



– fyrir íslenska verslun

Aðgerðir strax!

Fyrirtækin og fólkid í landinu
eru órjúfanleg heild

Án atvinnu er engin velferð



Án fyrirtækja er engin atvinna



Án nothæfs gjaldmiðils og
raunhæfra vaxta eru engin
fyrirtæki

**Við höfum engu að tapa
Aðildarviðræður við ESB strax!**



SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN hefur vaxið og dafnað á liðnu ári. Rúmlega fimm hundruð manns sóttu 41 námskeið sem skólinn efndi til á árinu 2008 og mikil og jöfn eftirspurn hefur verið eftir að komast á námskeiðin sem skólinn hélt. Þess utan hafa bæst við ný og fjölbreytileg verkefni sem falla undir starfsemi Sjúkraflutningaskólans. www.ems.is



CALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

LAGERSALA HÆÐASMÁRA 4

Sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.

Höfum bætt við nýjum vörum!

50-80% afsláttur



Undirföt



Sundföt

Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengir 900 kr.
Sundfatnaður frá 500 kr. stk.

Opið 14-18 Virka daga

Vandaðar dömumokkasíur úr mjúku leðri, skinnfóðraðir og með mjúkum gúmmísóla. Sannkallaðir sjö mílna skór.

Margar gerðir og litir, td:



Stærðir: 36 - 41
Verð: 9.985.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Elín og hundurinn Kal, sem er með fyrstu Weimar-hundum úr goti þar sem innflutt, frosið sæði var nýtt.

Kröftug og krefjandi

Elín Rós Hauksdóttir og hundurinn hennar Bláskjás Kal mæta reglulega á æfingar í hundafimi, sem er skemmtileg og kröftug íþrótt sem krefst fullkomins sambands og skilnings á milli hunds og eiganda.

Hundafimi er fjörug íþrótt sem reynir jafnt á hund og eiganda og gengur út á að láta fjórfætlinginn þræða þrautabraut á eins skömmum tíma og hægt er. Elín Rós Hauksdóttir, sem er stoltur eigandi fjögurra ára Weimar-hunds, Kals, skráði sig á slíkt námskeið og segir hundafimi góða leið bæði til að þjálfra og leika við hundinn sinn.

„Honum finnst þetta æðislegt og nú vill hann sjálfur fara í tækin,“ segir Elín, sem varð svo ánægð með námskeiðið, sem íþróttadeild Hundaræktarfélag Íslands kennir í Reiðhöll Gusts í Kópavogi, að hún fer nú reglulega á

æfingar. Að hennar sögn fara eigandi og hundur saman í gegnum, brautina sem samanstandur af alls kyns tækjum og tólum, en eigandinn má ekki hafa önnur afskipti af hundi sínum en að fylgja honum og hvetja áfram. Hundafimi reynir því töluvert á eiganda ekki síður en hund enda segist Elín vera í ágætis formi þar sem Kal sé fremur stór hundur.

„Hundafimi er samt fyrir allar tegundir, hundurinn þarf ekkert endilega að vera stór,“ bendir Elín á, en hún segist hafa séð allt frá smáhundum á borð við Chihuahua upp í Stóra Dana á æfingum. „Þáttakendum er skipt í

þrjá hópa. Ég er í unglingshópi, og svo er skipt upp í litla hunda og stóra hunda þar sem hundarnir geta ekki allir framkvæmt sömu brögð.“

Elín segir Kal, eða Bláskjás Kal Axels Son of a Million \$ eins og hann kallast fullu nafni, njóta góðs af æfingunum. Bæði hafi hann lært margt og eins sé hann í góðu líkamlegu formi, en því er haldið fram að ástundun hundafimi komi hundum til góða jafnvel eftir að þeir hafa hætt að stunda hana. „Ég get sko alveg mælt með að hundaeigendur mæti á æfingu til að prófa þetta,“ segir hún.

roald@frettabladid.is

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

- 21. apríl Spa dekur Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir
- 22. apríl Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? Ebba Guðný Guðmundsdóttir Kennari
- 28. apríl Erum við andleg og líkamleg eitrefna-úrþang-ruslaskrímli? Edda Björgvins leikkona
- 02. maí Hláturfundur Hláturkættiklúbbsins Ásta Valdímarsdóttir hláturjógakennari
- 07. maí Hvað er málið með aukaklín? Matti Ósvald heilsuráðgjafi

TILBOÐSVIKA

10-50% afsláttur af völdum vörum
mikið úrval af sófum og sófasettum



Patti Húsgögn
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

YOGA MEÐ ÁSTU

MORGUN • HÁDEGI • SÍÐDEGI
BYRJENDA NÁMSKEIÐ HEFST 27. APRÍL

Ásta Arnardóttir • 862 6098 • asta@this.is
Lótus jógasetur • www.this.is/asta

VÍSIR.IS
“...ég sá það á vísi”

...allar stærðir af dekkjum ■

DEKKJA VERKSTÆÐI

NOTUÐ DEKK ÓDÝR DEKKJASKIPTI

VAKA

...á verði fyrir þig!

Eldshöfða 6 / Sími 567 6700
hjalp@vakahf.is / www.vakahf.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ný sending af sundfatnaði komin

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Gefur heila til rannsókna

PÁTTASTJÓRNANDINN JEREMY PAXMAN HEFUR ÁKVEðið að LEGGJA SITT AF MÖRKUM Í BARÁTTUNNI VIÐ PARKINSONSjúKDÓMINN.

Jeremy Paxman, þáttastjórnandi BBC Newsnight, hefur ákveðið að gefa heila sinn til Parkinsonrannsókna eftir lát sitt. Paxman er einn af nokkrum þjóðþekktum persónum í Bretlandi sem hafa kosið að leggja baráttunni við sjúkdóminn lið með þessum hætti. Er það hluti af átaki sem Parkinsonfélagið í Bretlandi stendur fyrir þessa dagana og er markmiðið að hvetja fólk til að gerast heilagjafar. Rannsóknir á sjúkdómnum byggja á slíkum heilagjöfum en aðeins þúsund manns í Bretlandi hafa skráð sig á lista yfir heilagjafa og er ætlunin að tvöfalda þann fjölda fyrir árslok. Kannanir sýna að yfir sextíu prósent manna eru tilbúnir til að gefa hjarta eða nýru eftir lát sitt en aðeins sjö prósent geta fellt sig við þá hugmynd að gefa heila sinn.



Jeremy Paxman ætlar að gefa heila sinn eftir lát sitt.



Í hverju grammi af alkóhóli eru um sjö hitaeiningar. Í einum stórum bjór (450-500 ml) eru um 200 hitaeiningar. Í rauðvínsglasi (125 ml) eru 85 hitaeiningar, í glasi af sætu hvítvíni eru 118 hitaeiningar. Í einu skoti (25 ml) af vodka og gini eru 50 hitaeiningar. Í skoti af Bailey's eru um 80 hitaeiningar.

www.weightlossresources.co.uk



Ingibjörg Agnarsdóttir matreiðir girnilega grænmetisrétti fyrir gesti sína á veitingastaðnum Á grænni grein við Suðurlandsbraut.

FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON

Tilfinningin ræður í eldhúsinu

Ingibjörg Agnarsdóttir á og rekur veitingastaðinn Á grænni grein í Bláu húsunum við Faxafen. Þar býður hún daglega upp á nokkrar tegundir grænmetisréttar sem hún eldar sjálf frá grunni.

Veitingastaðinn Á grænni grein stofnaði Ingibjörg Agnarsdóttir ásamt dætrum sínum, Hildi Eyu og Heiðu Lind, í júní árið 2007. „Ég var að vinna á veitingastaðnum Á næstu grösum sem var í húsnæðinu áður. Þegar ákveðið var að loka staðnum sagði ég í einhverju bríari að ég nenni ekki að leita mér að vinnu og úr varð að ég keypti staðinn,“ segir Ingibjörg glaðlega og bætir við að önnur dætra hennar hafi meðal annars frestað skrifum á mastersritgerð um hálf ár til að geta unnið með móður sinni.

Á veitingastað Ingibjargar er boðið upp á fjóra til fimm heita grænmetisrétti á dag auk nokkurra salata. Ingibjörg eldar alla réttina sjálf frá grunni en sjaldnast notast hún við uppskriftir við

eldamennskuna. „Ég nota aðallega tilfinningu frá því hún gerðist grænmetisæta fyrir tuttugu árum. „Það eru lasagna og grænmetisbuff. Þeir eru enn mjög vinsælir og eru til hjá mér alla daga,“ segir Ingibjörg, sem vinnur ein á veitingastaðnum í dag en fær dyggan stuðning frá fjölskyldunni þegar með þarf.

Opið er Á grænni grein alla virka daga frá 11 til 19.15. Nánari upplýsingar má nálgast á www.agraennigrein.is

solveig@rettabladid.is

GRÆNMETISLASAGNA

með kotasælu og spelt pasta **FYRIR 6 TIL 8**

0,5 til 1 dl olía
4 hvítlauksrif
hálfur laukur

Brúnað á pönnu.

1 knippi af brokkolí
4 meðalstórar gulrætur
hálfur til einn kúrbítur
2-3 msk. ferskur basill
2-3 msk. ferskt timjan
1 msk. oregano
1 msk. grænmetis kraftur án MSG
1 stór krukka af hálfmalkuðum tómötum (ca 1 kíló)
5 msk. tómátpúrra

Látið malla saman í hálf tíma á litlum hita.



500 g kotasæla
6 speltastaplötur
Setjið í eldfast mót þar sem skipst er á að setja lög af grænmeti, kotasælu og speltastapa. Miðað er við tvær umferðir. Endað á grænmeti. Best er

að láta réttinn standa í nokkurn tíma til að mýkja pastaplöturnar. Setjið réttinn í ofn í 30 til 45 mínútur við 180 gráðu hita. (Ef rétturinn er ekki látinn standa verður að baka hann í klukkutíma). Ostur er settur yfir rétt í lokin.



Kennsla í tækjasal 5 daga vikunnar

Spennandi vortilboð!

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Opna kerfið þinn tími er kominn!

- Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki
- Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikabjálfun
- Pallatími, samsett spor, mikil brennsla
- Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur
- Liðleikabjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur ● RopeYoga
- Bræðingur, líkamsrækt með dansívaði, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð
- MRL - Magi, rass og læri ● Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar ● Einkabjálfun

S&S
NÝTT! stutt og strangt **Stutt og strangt**

Þjálfun í tækjasal 5x í viku í 2 vikur • Mest 5 í hóp

Tímar í boði: 7:15, 12:00, 17:00 og 18:00

Verð aðeins kr 10.000 • Ath. Skráning alltaf í gangi

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is



Atvinnuleysi ógæfa heimilanna

Fyrirtæki verða að fá að dafna við heilbrigð og eðlileg rekstrarskilyrði. Þannig verður atvinnuleysi minnkað og hagur heimilanna tryggður.

Forgangsmál næstu missera er að auka atvinnu í landinu. Það verður með engu móti unað við það atvinnuleysi sem nú er. Í fyrsta lagi kippir það fótunum undan afkomu fjölskyldna og einstaklinga og getur valdið þeim sálrænum erfiðleikum. Þessum persónulega þætti má aldrei gleyma. Í öðru lagi er öflug atvinnustarfsemi undirstaða þess að ríkissjóður og þar með þjóðfélagið geti staðið í skilum við lánardrottna sína og jafnframt staðið undir velferðarkerfinu.

Það liggur í augum uppi að milljarðarnir sem greiddir eru í atvinnuleysisbætur væru betur komnir í velferðarkerfi landsmanna eða til að standa undir skuldgreiðslum. Atvinnuleysið leikur ríkissjóð grátt bæði tekju- og útgjaldamegin.

Sem betur fer standa undirstöður atvinnulífsins enn. Hins vegar getur sú staða verið tvísýn ef ekkert verður að gert. Hin alþjóðlega kreppa leiðir til samdráttar á mörgum sviðum og hefur áhrif hvort sem er í sjávarútvegi, orkufrækum iðnaði eða í þjónustustarfsemi almennt. Á slíkum tímum er sérstaklega áriðandi að hafa augun opin fyrir hvers konar möguleikum til þess að efla atvinnuvegina og ganga fordómalaust að því verkefni. Skynsamlegt er að huga sérstaklega að þeim atvinnugreinum sem þegar starfa og efla þær og styrkja til þess að nýta nýja möguleika.

Vaxtalækkun, réttlátt samkeppnisumhverfi

Fyrsta og mikilvægasta forsendan fyrir eflingu atvinnulífsins er að vextir lækki. Með núverandi vaxtakjörum verður engin framþróun. Þetta verða allir að skilja. Þar að auki verður að búa svo um hnútana að bankarnir geti veitt eðlilega lánaþyrngreiðslu.

Í öðru lagi verður að tryggja réttlátt samkeppnisumhverfi og gegnsætt. Þetta á meðal annars við um skattlagningu atvinnufyrirtækja.

Það er forgangsverkefni að lækka vexti og endurskoða peningastefnuna. Jafnframt verður að tímasetja afnám gjaldeyrishafta. Hrinda verður í framkvæmd tillögum Framsóknarflokksins um 20% skuldaleiðréttingu. Einnig er bryn nauðsyn að tryggja fjármögnun útflutnings frá Íslandi.

Atvinnumál ungs fólks

Atvinnuleysi ungs fólks er sérstakt áhyggjuefni. Hægt er að bregðast við því með margvíslegum aðgerðum:

- að efla nýsköpunarsjóð námsmanna.
- að háskólarnir opni dyrnar fyrir stúdenta sem eru í sjálfsnámi, að skrifa lokaritgerðir, eða þeim sem eru í rannsóknnum eða stofnun fyrirtækja.
- að bjóða upp á lánshæf sumarverkefni og auka aðstoð við stúdenta til þess að ljúka lokaverkefnum sínum.
- að gera kennurum kleift að ráða fleiri aðstoðarmenn úr hópi stúdenta og koma á verkefnatorgi fyrirtækja og háskóla þar sem nemendur fái tækifæri til þess að vinna verkefni fyrir fyrirtækin.

Fjölmargar hugmyndir hafa komið upp um atvinnuuppbyggingu á liðnum árum. Verkefnið blasa við, ef umgjörðin er í lagi.

Nýtum þá möguleika sem eru fyrir hendi

Íslenskt viðskiptaumhverfi telst nokkuð hagstætt hvað snertir skatta, regluverk og tæknistig. Þrátt fyrir það er í flestum tilvikum mjög erfið að laða erlenda fjárfesta til landsins ef engin hliðstæð starfsemi er fyrir hendi hér á landi. Sérstaklega ber að skoða þau svæði sem hafa búið við neikvæðan hagvöxt á undanförunum árum.

Til úrbóta í þeim efnunum þarf að víkka út möguleika til ívilnana til fyrirtækja sem koma með nýja þekkingu til landsins og uppfylla skilyrði sem lúta að umhverfisþáttum, atvinnusköpun



SÓLIN SEST YFIR BYGGINGAMARKAÐINUM Framsóknarflokkurinn setur uppbyggingu atvinnulífs í forgang.

MYND/RAKEL ERNA SKARPHÉDINSDDÓTTIR, CREATIVE COMMONS ATTRIBUTION

og tæknistigi. Þessum fyrirtækjum þarf að bjóða samninga sem fela í sér skattafrestun í ákveðinn tíma, festa afskriftarhlutföll og veita stuðning við þjálfun starfsfólks. Þá er mikilvægt að þeir stjórnendur sem hingað koma við uppbyggingu slíkra tækifæra fái einnig skattafrestun í tiltekinn tíma.

Samkvæmt EES-samningnum mega Íslendingar styrkja atvinnustarfsemi í dreifbýli, þ.e. landsbyggðarkjördæmunum þremur, sem nemur ákveðnu hlutfalli af fjárfestingarkostnaði. Styrkir til stórra fyrirtækja geta að hámarki numið 15% af fjárfestingarkostnaði, veitt er svigrúm til þess að hækka styrk um 10% þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20% til litilla fyrirtækja. Þetta hefur

ekki verið nýtt nema að litlu leyti fram til þessa en í atvinnuleysi líku því sem nú blasir við hljóta menn að leita allra leiða til að koma hjólum atvinnulífsins í gang að nýju. Mikilvægt er að við slíkar ákvarðanir verði horft til þess hvers konar starfsemi menn vilja laða hingað til lands. Eðlilegt er t.d. að horfa til starfsemi sem greiðir góð laun fyrir það vel menntaða fólk sem býr hér á landi, fremur en horfa eingöngu til fjölda starfa.

Áhrif erlendra fjárfestingar felast ekki aðeins í störfum og flæði fjármagns til landsins heldur ekki síður aukinni nýsköpun, þekkingu og viðskiptatengslum, auk aukinna skatttekna.

Fordómar og sinnuleysi mega ekki

ráða för þegar atvinnuuppbygging á í hlut. Atvinnuleysi er ein mesta ógæfa sem heimilin geta orðið fyrir. Atvinnuleysi hefur áhrif á afkomu fólks, velferð og heilsu.

Þrátt fyrir erfiðleikana sem nú blasa við í íslensku atvinnulífi er það ekki valkostur að leggja hendur í skaut og bíða eftir að birti til á ný. Tækifærin blasa við og þau á að nýta. Íslendingar búa nú þegar við sterka innviði sem felast í háu menntunarstigi þjóðarinnar, sveigjanlegu vinnuafli, lágum fyrirtækjasköttum, góðri verkmenningu og tækniþekkingu, viðtæku neti fríverslunarsamninga, nægu landrými og nálægð við mikilvæga markaði. Þessi tækifæri á að nýta. Snúa þarf vörn í framsókn.

SKJALDBORG UM SKULDIRNAR

Guðmundur Steingrímsson: Fólk í fjötrum fasteignalána

ORÐ Í TÍMA TÖLUD 4



ATVINNULEYSI VERÐUR EKKI ÚTRÝMT MEÐ AUKNUM SKÖTTUM

FRÉTT 2

FÉKK VONINA AFTUR

Sigurður Ingi treystir á átján liða tillögur Framsóknar

SUÐURKJÖRDÆMI 6



BLÖSKRAR SLEIFARLAGIÐ

Sigmundur Davíð: Almennigur njóti afskriftanna

REYKJAVÍK NORÐUR 5



Atvinnuleysi verður ekki útrýmt með auknum sköttum

Framsóknarmenn vilja stuðla að ábyrgum ríkisrekstri. Atvinnuleysi hefur alvarleg áhrif á ríkissjóð.

Samkvæmt vef Vinnuálfstofnunar eru nú um 18 þúsund manns án atvinnu, ýmist að öllu leyti eða að hluta á atvinnuleysisbótum á móti hlutastarfi. Atvinnuleysi hefur aukist frá því í október sl. úr 1,9% í 8,9% í mars og horfur á að atvinnuleysi í apríl geti orðið enn meira eða allt að 9,3%. Athygli vekur að flestir í hópi atvinnulausra eru í aldursþópnum frá 20-35 ára og væntanlega verður sú staða enn verri í sumar þegar skólafólkið kemur út á vinnuálfstofnunarinn. Gert er ráð fyrir að allt að fjögur þúsund háskólanemar muni verða án atvinnu í sumarleyfinu.

Staðan í íslensku atvinnu- og efnahagslífi er ekki björt um þessar mundir og óhætt er að segja horfur séu ekki heldur góðar að óbreyttu.

Samdrátturinn er dýr

Ef lítið er til ríkisfjármálanna hefur þetta aukna atvinnuleysi verulegar afleiðingar í för með sér. Þannig er útlit fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður verði uppurinn um miðjan nóvember

nk. og 3,5 milljarða króna þurfi að óbreyttu úr ríkissjóði til að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum.

Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að halli ríkissjóðs yrði 153 milljarðar króna. Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafa hins vegar aukist hratt og verða líklega um 25,3 milljarðar króna á árinu. Að auki verða tekjur ríkissjóðs minni en búist var við vegna minni tekna af tekju- og veltusköttum. Áætlað er að tekjurnar verði um 420 milljarðar króna en útgjöldin 580 milljarðar króna. Þetta hefur í för með sér að halli ríkissjóðs verður u.þ.b. 170 milljarðar króna.

Fyrir liggur að minnihlutastjórnir hefur stuðlað að ríkisútgjöldum umfram heimildir í fjárlögum ársins. Talið er að draga þurfi úr halla ríkissjóðs á næsta ári um 35-55 milljarða sem næst vart nema með auknum tekjum hins opinbera, minna atvinnuleysi, sparnaði í ríkisútgjöldum eða skattahækkunum.

Samkvæmt samkomulaginu við

Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafa stjórnvöld tvö ár til að draga úr hallanum og ná jafnvægi í ríkisfjármálum.

Þessu vilja sumir flokkar ná fyrst og fremst með hækkingu skatta og lækkun launa, ásamt niðurskurði í öðrum ríkisútgjöldum. Þetta þýðir með öðrum orðum að það á að svelta þjóðina út úr vandanum. Veltuskattar ríkissjóðs munu dragast verulega saman vegna minnkandi neyslu, auk þess sem hættan á að fólk geti ekki staðið í skilum með afborganir lána eykst verulega. Afleiðingar þess að hækka skatta, lækka tekjur og skera niður í öðrum ríkisútgjöldum verða líklega þveröfugar.

Raunhæfar lausnir

Framsóknarflokkurinn vill hins vegar fara aðra leið til að forðast það efnahagshrun sem fyrrsjáanlegt er. Framsóknarmenn vilja 20%

leiðréttingu skulda. Með þessu vill Framsóknarflokkurinn m.a. stuðla að því að fleiri geti staðið við skuldbindingar sínar en úrræði stjórnarflokka gera ráð fyrir og koma verslun og viðskiptum af stað á ný. Með því móti eflist atvinnulíf að nýju og skatttekjur ríkissjóðs aukast á ný.

Framsóknarflokkurinn vill jafnframt að farið verði yfir öll ríkisútgjöld með það að markmiði að draga úr halla ríkissjóðs. Framsóknarflokkurinn tekur ekki undir hugmyndir sem fram hafa komið í skattamálum um auknar álögur á almenning, ekki síst þá sem hafa millitekjur. Lögð er áhersla á meiri aga í ríkisrekstrinum, en framgangi núverandi stjórnarflokka í ríkisfjármálum gefur ekki tilefni til að ætla að þeim sé treystandi til þess að ná þeim markmiðum sem fram koma í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Framsókn vill...

- Nota 18 liða efnahagstillögur sínar til þess að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og fyrirtækja, www.framsokn.is.
- 20% leiðréttingu á höfuðstól lána sem varð til vegna verðbólgu og verðtryggingar. Færa þar með afskriftir erlendra kröfuhafa til íslenskra skuldara en ekki íslensku bankanna.
- Leggja áherslu á meiri fjölbreytni atvinnulífs með því að bæta rekstrarumhverfi minni fyrirtækja, fjölskyldurekstrar og einyrkja.
- ESB viðræður með tilliti til sjávarútvegs og landbúnaðar lagðar í þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Vextir lækkaðir sem allra fyrst.
- Rannsókn á orsökum og ábyrgð á efnahagshruninu verði unnin af krafti og skilvirkni.
- Heimildir til þjóðaratkvæðagreiðslu verði auknar og oftar leitað beint til þjóðarinnar.
- Efla og hlúa að matvælaframleiðslu þjóðarinnar í landbúnaði og sjávarútvegi sem bæði skapa gjalddeyrstekjur og spara gjalddeyri. Fæðuöryggi er Íslendingum brýnt hagsmunamál.



FRAMSÓKN VILL AÐRAR LEIÐIR 20% leiðrétting skulda stuðlar að öflugra atvinnulífi og auknum skatttekjum ríkissjóðs.

KÖNU KVÖLD

FYRIR
OKKUR
ALLAR

VEISLUSTJÓRI VERÐUR JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR

Miðvikudaginn 22. apríl kl. 20:30 í Borgartúni 28

- Lifandi tónlist
- Glæsileg tískusýning
- Íslensk hönnun
- Léttar veitingar
- Óvæntur glaðningur



Allar konur innilega velkomnar og takið vinkonurnar með!

Vigdís Hauksdóttir
1. sæti Reykjavík suður

Salvör Gissurardóttir
4. sæti Reykjavík suður

Ásta Rut Jónasdóttir
2. sæti Reykjavík norður

Fanný Gunnarsdóttir
4. sæti Reykjavík norður

Guðrún Valdimarsdóttir
3. sæti Reykjavík suður



Framsóknarkonur í Reykjavík

framsokn.is



FRAMSÓKN

Gleðilegt sumar

About Fish
Íslandi ehf.

Ef þú hringir í þetta númer styrktarlínu Framsóknarflokksins gjaldfærast sjálfkrafa 2000,- kr. á símareikning þinn.

907-2500

Sigfús Karlsson skrifar:

Samfylkingin lækkar barnabætur

Enn á ný fer Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, með þá rangfærslu að Framsóknarflokkurinn hafi skert barnabætur á tímum uppsveiflu og góðæris í samfélaginu.

Þessi orð lét forsetisráðherra falla, eins og svo oft áður, í óundirbúnum fyrirspurnartíma þann 25. mars s.l. Þegar alþingismaðurinn Birkir J. Jónsson spurði um þau loforð fyrir ríkisstjórnar sem Jóhanna Sigurðardóttir átti sæti í sem félagsmálaráðherra, þess efnis að hefja útgreiðslu barnabóta mánaðarlega frá 1. apríl s.l.

Fyrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar tilkynnti þann 8. desember 2008 um að uppi væru áform um að hefja mánaðarlegar greiðslur í stað þess að greiða þær út fjórum sinnum á ári. Núverandi ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, hefur fallið frá þessum mánaðarlegu greiðslum, en það var ákveðið á þeim forsendum að mánaðarlegar greiðslur hefðu komið verr út fyrir fjölskyldur í landinu og betra sé að viðhalda gamla kerfinu. Þá kom fram í svari forsætisráðherra að hún héldi ekki að þetta breytti mjög miklu fyrir barnafjölskyldur, þ.e. að fá barnabæturnar greiddar út mánaðarlega.

Síðan segir forsætisráðherra í svari sínu til þingmannsins: „En háttvirtur þingmaður er alltaf á hálum ís þegar hann talar um barnabætur vegna þess að þær voru skertar í tíð Framsóknarflokksins á tímum mikillar uppsveiflu og góðæris í samfélaginu.“

Þessi orð forsætisráðherra eru alveg makalaus og ekki í fyrsta skipti sem Jóhanna Sigurðardóttir reynir eftir fremsta megni að slá ryki í augu kjósenda um Framsóknarflokkinn og barnabætur.

Skoðum fyrst orðin „á tímum mikillar uppsveiflu og góðæris í samfélaginu“, áður en ég ræði barnabæturnar sjálfar. Hvenær var þessi mikla uppsveifla og góðæri? Getum við verið sammála um að árin 2003-2007 hafi verið einstaklega góð? Jú, ég held að flestir geti verið sammála um það. Þá voru Framsóknarmenn í ríkisstjórn með Sjálfstæðismönnum og sennilega sá tími sem Jóhanna Sigurðardóttir vitnar til. Eðli málsins samkvæmt lækka tekjutengdar barnabætur í uppsveiflu og góðæri þegar fólk hefur hærri laun. Það er rökrétt og það segja löginn um barnabætur sem



Sigfús skipar 4. sæti á lista Framsóknarmanna í norðausturkjördæmi fyrir alþingiskosningarar 25. Apríl 2009, og er fjögurra barna faðir.

alþingismenn hafa sett.

Skoðum þá hvernig barnabætur þróuðust á þessum árum sem vitnað er í, „á tímum mikillar uppsveiflu og góðæris í samfélaginu“. Í byrjun þess kjörtímabils, árið 2003, voru greiddar 36.308 kr. með öllum börnum yngri en 7 ára í formi barnabóta. Í lok kjörtímabilsins eða árið 2007 voru greiddar 56.096 kr. Þannig að barnabætur höfðu hækkað um kr. 19.788 eða um 54,5% með öllum börnum yngri en 7 ára á árunum 2003-2007 í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokksins. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs, sú vísitala sem allt snýst um, frá janúar 2003 til janúar 2007 um 18,89%.

En hvað hefur Samfylkingin, með Jóhönnu Sigurðardóttur í broddi fylkingar, gert í barnabótum? Skoðum það aðeins. Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks tók við á vordögum 2007. Þá voru barnabætur sem greiddar voru með öllum börnum yngri en 7 ára eins og áður segir 56.096 kr. Nú árið 2009, tveimur árum síðar og Samfylkingin situr í ríkisstjórn með Vinstri grænum, eru sömu barnabætur 61.191 kr. með öllum börnum yngri en 7 ára. Það er hækkan um 3.300 kr. eða um 5,7%. Hvað hefur vísitala neysluverðs hækkað á þessum tveimur árum frá janúar 2007 til janúar 2009? Vísitalan hefur hækkað um 23,17%.

Við skulum láta staðreyndirnar tala sínu máli í stað þess að kasta grjóti úr glerhúsi. X-B fyrir barnafjölskyldur í landinu.



UNGUR AÐ ÁRUM Einar Freyr Elínarson, 6. á lista Framsóknarflokksins í Suðurlandkjördæmi, er yngsti bóndi landsins eftir því sem næst verður komist.

Átján ára bóndi í Mýrdalshreppi

Einn allra yngsti bóndi landsins, Einar Freyr Elínarson, skipar 6. sætið hjá Framsókn í Suðurlandkjördæmi.

Einar segist alltaf hafa haft brennandi áhuga á pólitík og styður Framsókn vegna samvinnuhugsjónarinnar og miðjustefnunnar sem höfði til skynseminnar. Helstu baráttumál hans eru stjórnlagabætur og málefni ungs fólks og hann er mikill jafnréttismaður.

Einar er bóndinn í Sólheimahjáleigu

í Mýrdalshreppi þar sem hann býr með móður sinni, Elínu Einarsdóttur kennara, afa sínum og nafna, Einari Þorsteinssyni, og ömmu, Eyrúnu Sæmundsdóttur, ásamt tveim bræðrum sínum. Einar er 18 ára og yngsti fram-bjóðandinn á Suðurlandi.

Spurður af hverju hann gerðist bóndi sagðist hann hafa gripið það báðum höndum þegar tækiferið gafst til þess að stýra eigin bú. Hann gerir þó ráð fyrir því að minnka við sig á næ-

stunni þar sem hann stefnir á að klára stúdentsprófið og fara að því loknu í búfræðináms á Hvanneyri.

Í vetur tók Einar þátt í að stofna Félag ungs Framsóknarfólks í Vestur-Skaftafellssýslu. Einar segir að það hafi verið mikil endurnýjun í starfi ungs Framsóknarfólks í Suðurlandkjördæmi eftir bankahrunið og við stofnun FUF-félaga um kjördæmið hafi þátttaka farið fram úr björtustu vonum.

Skemmtikvöld kvenna

Mánudagskvöldið 20. apríl kl. 21:00 – 23:00 í Skrúðgarðinum, Akranesi.

Konur, fögnum sumrinu saman og sláum á léttu strengi.

Jón Sigurðsson (fimmhundraðkallinn) kemur og tekur lagið, óvænt atriði og léttar veitingar í boði.

Fjölmönnum með vinkonum og samstarfskonum og styrkjum tengslanet kvenna.

Skemmtun fyrir okkur allar!!!



Framsóknardætur

Framsóknarflokkurinn býður þér

AKSTUR Á KJÖRSTAÐ

á höfuðborgarsvæðinu:

540-4300 / 551-6011

hafið samband við kosningaskrifstofur á landsbyggðinni (sjá síðu 7)



LEIÐARI

eftir Birki Jón Jónsson,
varaformann Framsóknarflokksins

Aðgerðir í stað málalenginga

Heimilin eru hvert af öðru að fara í greiðsluþrot og átján þúsund manns eru án atvinnu í landinu. Hundruð fyrirtækja verða gjaldþrota í hverjum mánuði. Innflutninghöft eru við lýði og íslenska krónan er ónýtur gjaldmiðill. Ríkissjóður á við áður óþekktan hallarekstur að stríða vegna skuldastöðu þjóðarinnar og aukinna útgjalda og minnkandi tekna vegna atvinnuástandsins í landinu.

Meðan þetta ástand ríkir hefur þingið verið upptekið vikum saman við málþóf Sjálfstæðisflokksins, í því skyni að koma í veg fyrir að stjórnlagabing verði haldið og fulltrúar þjóðarinnar verði kjörnir á það. Einnig er tilgangurinn að koma í veg fyrir ákvæði um þjóðar- atkvæði og eignarhald þjóðarinnar á auðlindum. Sjálfstæðismenn hrósa nú sigri í þessu sérkennilega stríði.

Hins vegar hrópar almenningur á aðgerðir í stað málalenginga. Hvernig á að koma hjólu atvinnulífsins til þess að snúast á ný? Án þess að það gerist er tóm tala um endurreisn fjárhags heimilanna eða bærulega afkomu ríkissjóðs. Nú um stundir er atvinnuleysisstryggingasjóður stærsti launagreiðandi í landinu og margvísleg fleiri útgjöld fyrir ríkissjóð fylgja þessu ástandi. Föndur við skattlagningu er eins og dropi í hafið til þess að mæta þessu. Stjórnarflokkarnir verða að skilja það að atvinnuuppbygging þolir enga bið. Hvort sem það eru sprotafyrirtæki eða álver á Bakka við Húsavík eða í Helguvík ber að leita allra ráða til þess að styðja við slíka uppbyggingu.

Það þolir enga bið að móta nýja peningastefnu. Það þarf að nást niðurstaða um það hvort mögulegt er að stefna að upptöku evru. Það mál skýrist ekki án viðræðna við Evrópusambandið. Ef upptaka evrunnar er ekki möguleg þarf að leita annarra leiða.

Framsóknarmenn hafa lagt fram ítarlegar tillögur í efnahagsmálum, kjarnann í þeim má sjá hér í blaðinu í dag, auk þess sem þær liggja frammi á kosningaskrifstofum flokksins. Kjarninn í þeim er 20% skuldaleiðrétting. Við þurfum á umsvifum að halda til þess að örva atvinnu, auka tekjur bæði einstaklinga, fyrirtækja og ríkissjóðs. Allt þetta verður að haldast í hendur.

Óvenjulegir tímar krefjast óvenjulegra aðgerða og Framsóknarmenn hafa kjark til þess að framkvæma slíkar aðgerðir.

Það er brýn nauðsyn að Framsóknarflokkurinn hafi raunveruleg og áþreifanleg völd í íslenskum stjórnámálum eftir kosningar. Við erum fersk og klár í slaginn. Fram til sóknar, framsóknarmenn, í þágu þjóðarinnar.



Tíminn

Hverfisgötu 33, 101 Reykjavík
www.framsokn.is

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn

Ritstjóri: Jón Kristjánsson

Ábyrgðarmaður: Sigfús Ingi Sigfússon

Hönnun og umbrot: Birgir Þór Harðarson

Dreifing: Dreift til allra heimila á landinu

ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ

Guðmundur Steingrímsson skrifar:

Skjaldborgin um skuldirnar

Í kosningabaráttunni sem nú er að ljúka er það einkum eitt sem hefur vakið sérstaka eftirtekt mína og eflaust margra annarra, og það er hversu mjög mörgum stjórnámálumönnum er í nöp við að ljá máls á því að skuldastaða íslenskra heimila og fyrirtækja verði leiðrétt með almennri aðgerð.

Þetta er mjög merkilegt. Fyrir liggur að í séríslensku verðtryggðu skulda- fangelsi tóku allir Íslendingar, sem skulda, á sig jafnmikið högg – hlutfalls- lega – þegar banka- og gengishrunið reið yfir þjóðina í október. Vandinn er gríðarlegur. Fyrir liggur einnig að erlendir kröfuhafar munu gera ráð fyrir afskriftum af íslenskum lánum. Á því byggist tillöguflutningur Framsóknar- flokksins. Afskriftir erlendra kröfu- hafa skulu renna til íslenskra skuldara. Enginn kostnaður lendir á ríkinu, eins og fjármálaráðherra og fleiri hafa kosið að misskilja tillögunu.

Að því sögðu blasir spurningin við: Hvers vegna vilja aðrir flokkar ekki standa vörð um hagsmuni íslenskra heimila og fyrirtækja í viðræðum við erlenda kröfuhafa? Er þeim meira annt um hagsmuni kröfuhafanna?

Af almennum aðgerðum

Raunar hefur Framsóknarflokkurinn bent á að hagsmunum kröfuhafa yrði líklega best borgið með almennum afskriftum sem ganga jafnt yfir alla skuldara. Efnahagslífið færi af stað, neysla ykist, sem og fjárfestingar og framkvæmdir. Þetta myndi gera það að verkum að fleiri gætu á endanum staðið í skilum.

Það er merkilegt hvað margir stjórn- málamenn íslenskir telja þetta vera undarlega hugmynd og tala jafnvel um töfrabrögð í þessu sambandi. Hér er engin brella á ferð. Almennar aðgerðir til þess að halda hinn stóru vinnandi millistétt á floti – aðgerðir til þess að örva hagkerfið – eru vitaskuld hluti af ákaflega sígildri hagfræði. Dæmin blasa við, þótt við viljum stundum gleyma þeim. Skattkerfið er nærtækast. Þar tíðkast almenn próséntutala, sem miðar að því halda bæði skilvirku hag- kerfi gangandi og skila sem mestum tekjum í ríkissjóð. Hin leiðin, í and- stöðu við hina almennu, væri raunar fjarstæðukennd: Að skatturinn færi hús úr húsi og legði mat á það eftir tilfellingum hversu mikið fólk gæti greitt. Það væri, ef svo má að orði komast, alveg rosalega 1507.

Hættan sem við blasir

Á sama hátt telja Framsóknarmenn það fjarstæðukennt að farið verði í afskriftir lána hjá sumum en öðrum ekki. Hvað á að ráða því mati? Flestir skilja vel þá hugmyndafræði sem liggur að baki þeirri skoðun að hjálpa eigi einungis þeim sem þurfa hjálp. Slík hugmyndafræði er mjög viðeigandi og einkar mikilvæg í góðæri. Þá er hættan sú að sumir hópar dragist aftur úr. Í kreppu hins vegar, svo ekki sé talað um eftirleik efnahagsbruns, þarf að hugsa öðruvísi. Þá þarf að leita allra leiða til



ENGAR BRELLUR Guðmundur Steingrímsson, frambjóðandi Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi, vill leysa vanda heimilanna en segir aðra flokka standa vörð um hag kröfuhafanna.

MYND/GVA

þess að hin stóra vinnandi millistétt í landinu sogist ekki niður í svarthol stöðnunar, eignahruns og viðvarandi atvinnuleysis. Ef það gerist verða okkur allar hjargar bannaðar um langa hríð.

Og lítum nú á þá mynd sem við blasir, ef lagðar eru saman aðgerðir og tillögur ríkisstjórnarflokka í efnahagsmálum undanfarið: Það á að skera niður, hækka skatta, lækka laun og bjóða upp á greiðsluáðlögun fyrir þá sem geta sannað að þeir hafi það mjög slæmt. Þá fá hinir sömu tilsjónarmenn.

Allt felur þetta í sér hvata í eina átt: Fleiri fara á bætur (því annars er engin aðstoð), eignir hrynja í verði, fleiri skjóta undan skatti (því fólk hegnist fyrir vinnusemina). Við þetta missir ríkissjóður enn meiri tekjur, enn meiri niðurskurður verður og atvinnu- leysið verður enn meira. Undanskotin undan skatti verða þá enn meiri og svo koll af kalli. Þetta er sú yfirþyrmandi hættan sem við blasir. Þetta er leiðin til stöðnunar.

Gagnvart þessari dökku mynd halda Framsóknarmenn á lofti sígildum sannleik: Það verður að örva hagkerfið í jákvæða átt. Skapa þarf fólk svigrúm svo það geti með vinnusemi sinni og dugnaði unnið sig út úr vanda sínum og þjóðarinnar upp á eigin spýtur. Einungis eftir að það hefur gerst, er raunhæft að fara í aðgerðir til þess auka tekjur ríkissjóðs með hærri skatt- prósentu.

Hræðslan og tregðan

Hræðslan við að ræða í alvöru almenna niðurfellingu skulda á Íslandi sprettur

tel ég af tveimur rötum: Annars vegar virðast margir stjórnámálamenn haldnir grunsamlegri og furðulegri vantrú á að Íslendingar geti staðið fyrir máli sínu gagnvart erlendum kröfuhöfum. Af hverju sú vantrú stafar er rannsóknarefni eitt og sér. Framsóknarmenn standa þó keikir og fullir sjálfstrausts frammi fyrir því viðfangsefni og munu taka á þeim viðræðum af festu fái þeir umboð til.

Hins vegar ríkir skilningsleysi á meðal íslenskra stjórnámálanna og því miður hagfræðinga á gildi almennra, róttækra aðgerða í efnahags- lífinu. Það er einnig rannsóknarefni. Fátt er mikilvægara við stjórn efnahagsmála en að hafa skilning á slíkum aðgerðum og kunna að ræða þær.

Hugsanlegt er að ótti og viðkæmni gagnvart Evrópusambandinu í að- draganda mögulegra aðildarviðræðna geri það að verkum að sum stjórn- málaöfl í landinu vilja helst ekkert gera sem styggir útlendinga. Við skulum þó vona að slíkar tilfinningar ráði ekki för við stjórn efnahagsmála og séu valdar að tregðunni sem hér hefur verið lýst – tregðunni við að taka af festu og áræðni á skuldastöðu þjóðarinnar.

Veruleikinn sem við blasir er þó í öllu falli svartur: Á Íslandi rís ekki um þessar mundir hin margþöðaða skjaldborgin um heimilin, fyrirtækin og framtíð þjóðarinnar, því miður. Hér er að rísa, frammi fyrir augum okkar, skjaldborgin um skuldirnar, hönnuð af íslenskum stjórnámálumönnum, hverju sem sætir. Íslendingar skulu borga upp í topp. Hvað sem það kostar.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, formaður Framsóknarflokksins.

MYND/GUNNAR GUNNARSSON

Kæri Reykvíkingur!

Það er þegar orðið ljóst að við lifum á sögulegum tímum. Kosningarnar á laugardaginn verða einnig sögulegar. Niðurstaðan segir til um hvort eða hvernig við vinnum okkur út úr efnahagsþrengingum og einnig hvers konar samfélag verður mótað á Íslandi til framtíðar.

Stefna Framsóknarflokksins byggist á endurreisn heimila og atvinnulífs, enda hefur flokkurinn alla tíð látið sig atvinnumál og atvinnuuppbyggingu miklu varða og það á einnig við fyrir þessar kosningar.

Peningar verða ekki til hjá ríkinu, þeir koma frá verðmætasköpun fyrirtækja. Í okkar huga er engum blöðum um það að fletta að atvinna er upphaf og endir þess að hér þrífist gott samfélag. Verðmætasköpunin verður til hjá fyrirtækjum, sem geta haldið uppi atvinnu fyrir fólkið, sem síðan leiðir til þess að velferðarsamfélagið veldur hlutverki sínu. Ríkið á að setja reglurnar fyrir fyrirtækin, en ekki að vera fyrirtækið.

Það er engum blöðum um það að fletta að

” Framsókn telur eðlilegt að afskriftirnar verði látnar ganga til heimila og fyrirtækja landsins. Ekki allar, heldur 20 prósent. Með því yrðu lántakendur í sömu sporum og þeir voru fyrir hrun.

minnkandi umsvif í þjóðfélaginu bitna með beinum hætti á getu ríkisins til að styðja við bak þegna sinna. Framsókn leggur því áherslu á að auka veltuna í þjóðfélaginu sem allra fyrst. Það gerum við meðal annars með skuldaleiðréttingu heimila og fyrirtækja upp á 20 af hundraði.

Mikið hefur verið rætt og ritað um leiðréttinguna, en hún er ein af 18 samhangandi tillögum til bjargar heimilum og atvinnulífinu í landinu.

Kostnaður vegna leiðarinnar lendir ekki á íslenskum skattgreiðendum, fullyrðingar um annað eru rangar. Útlendir bankar sem lánuðu þeim íslensku eru fyrir löngu búnir að átta sig á því að þeir fá ekki greitt að fullu til baka og hafa þegar afskrifað stóran hluta lána sinna. Það er einnig verið að afskrifa lánin við yfirfærslu þeirra frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju.

Framsókn telur eðlilegt að þessar afskriftir verði látnar ganga til heimila og fyrirtækja landsins. Ekki allar, heldur 20 prósent. Með því yrðu lán-

takendur í sömu sporum og þeir voru fyrir hrun. Lántakendur eiga ekki að bera allan skaðann af hruni bankanna. Það er ekki bara ósanngjarnt, það er líka afar skaðlegt.

Með því að lækka lánin fær fólk meira fé milli handanna og getur því haldið uppi meiri neyslu. Meiri neysla leiðir til þess að fleiri fyrirtæki haldast í rekstri og færri missa vinnuna. Við þetta aukast tekjur ríkisins. Ekki með hærri sköttum, heldur meiri umsvifum í þjóðfélaginu. Það er einnig mat okkar framsóknarmanna að þessi leið sé mun líklegri til þess að hvetja fólk til dáða á hinum erfiðu tímum sem eru óhjákvæmilega fram undan. Aðgerðir okkar snúast um að stöðva hrunið. Framsóknarflokkurinn hefur einn hefðbundinna stjórn málaflókka gert upp við fortíðina og svarað kalli þjóðarinnar um endurnýjun. Framsóknarflokkurinn er að hefja nýja framtíð; framtíð sem byggist á góðum gildum og nýju fólki sem setur réttlæti á oddinn og byggir á nýjum lausnum.

Frambjóðendur í Reykjavík suður



1.

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR, lögfræðingur



2.

EINAR SKÚLASON,
skrifstofustjóri
þingflokks



3.

GUÐRÚN H.
VALDIMARSDÓTTIR,
hagfræðingur



4.

SALVÖR
GISSURARDÓTTIR,
viðskiptafræðingur



5.

JÓN HELGI EÐSSON,
sölufulltrúi



6.

RAKEL DÖGG
ÓSKARSDÓTTIR,
líffræðinemi



7.

EYJÓLFUR
MAGNÚSSON
SCHEVING, Kennari



8.

SANDRA G.
HARDARDÓTTIR,
hjúkrunarfræðinemi



9.

EINAR BJÖRN
BJARNASON,
stjórnmála- og
Evrópufræðingur



10.

SIGURPÓR
FRÍÐBERTSSON,
vélvirkjameistari



11.

SNÆDÍS
KARLSDÓTTIR,
Vaktstjóri



12.

JÓN SIGURÐSSON,
þjónustustjóri og
háskólanemi



13.

VALGERÐUR
SVEINSDÓTTIR,
lyfjafræðingur og
markaðsfulltrúi



14.

GUÐMUNDUR
GEIR SIGURÐSSON,
sölumaður



15.

GUÐRÚN
EGGERTSDÓTTIR,
yfirljósmóðir



16.

RAFN EINARSSON,
húsmiða- og
málameistari



17.

HLÍN
SIGURÐARDÓTTIR,
húsmóðir



18.

GUÐLAUGUR
G. SVERRISSON,
verkefnastjóri



19.

SIGRÚN
STURLUDÓTTIR,
húsmóðir



20.

BRYNJAR
FRANSSON, fyrrv.
fasteignasali



21.

ÁSLAUG
BRYNJÓLFSDÓTTIR,
fyrrv. fræðslustjóri



22.

TÓMAS ÁRNASON,
fyrrv. alþingismaður

Endurnýjun -

Frambjóðendur í Reykjavík norður



1. SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, skipulagshagfræðingur



2. ÁSTA RUT JÓNASDÓTTIR, stjórn málafræðingur



5. BIRNA KRISTÍN SVAVARSDÓTTIR, hjúkrunarforstjóri



8. JÓNAS TRYGGVASON, framkvæmdastjóri



3. ÞÓRIR INGÞÓRSSON, viðskiptafræðingur



6. E. ÞÓRKUR EDVARDSSON, framkvæmdastjóri



9. ELLA ÞÓRA JÓNSDÓTTIR, deildarstjóri



4. FANNÝ GUNNARSDÓTTIR, kennari og starfandi námsráðgjafi



7. AUÐUR ÞÓRHALLSDÓTTIR, fræðslustjóri



10. GESTUR GUÐJÓNSSON, umhverfisverkfræðingur



11. INGA GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR, uppeldis- og menntunarfræðingur



12. GUÐMUNDUR HALLDÓR BJÖRNSSON, markaðssérfræðingur



13. KRISTÍN HELGA MAGNÚSDÓTTIR, framhaldsskólamei



14. SÓLEY ÞÓRUNN JÓNSDÓTTIR, skrifstofumaður



15. EIRÍKUR SIGURÐSSON, ráðgjafi



16. FANNÝ GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR, stjórn málafræðinemi



17. ÁSGEIR HARÐARSON, framkvæmdastjóri



18. ÁLFRÚN ELSA HALLSDÓTTIR, nemi




19. RAGNHILDUR JÓNASDÓTTIR, flugfarskiptamaður



20. SÆMUNDUR RUNÓLFSSON, framkvæmdastjóri UMFÍ



21. SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR, fyrrv. borgarfulltrúi



22. VALDIMAR KRISTJÁN JÓNSSON, prófessor

fyrir okkur öll



Kæru Reykvíkingar,
á sumardaginn fyrsta verður haldin gleðileg
sumarhátíð á Ingólfstorgi, kl. 14.00 - allir velkomnir.

- Pylsur og gosdrykkir verða í boði
- Dýrablöðrur
- Hoppukastalar fyrir börnin
- Andlitsmálun
- Hellingur af frambjóðendum

Frambjóðendur Framsóknar í Reykjavík



Sigmundur
Davíð og
lifandi
miðbær

Sigmundur Davíð
Gunnlaugsson
skipulagshagfræðingur
og formaður
Framsóknarflokksins
kynnir hugmyndir sínar
um uppbyggingu lifandi
miðbæjar í Reykjavík
á opnum fundi í Iðnó
miðvikudaginn 22. apríl
klukkan 17.00-19.00

Komið og kynnið ykkur
raunhæfa og hrífandi
framtíðarsýn sem eflir
miðbæ Reykjavíkur og
skapar grunn undir ný
atvinnutækifæri.

Allir velkomnir
Lifandi miðbær - fyrir okkur öll



**Sigmundur Davíð og tuttugu prósentin á
morgunverðarfundi miðvikudaginn 22. apríl**

Sigmundur Davíð kynnir tuttugu prósent leiðina á
morgunverðarfundi á Grand Hótel Reykjavík 22. apríl kl. 8.

Léttur morgunverður - allir velkomnir

REYKJAVÍK NORÐUR – 1. SÆTI

Blöskrar sleifarlag í stjórnmálum

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson leggur áherslu á samvinnu ólíkra hópa í þjóðfélaginu.

Hvað dró þig í pólitíkina?

Mér blöskraði sleifarlag stjórnmalamanna við úrlausn efna hagshrunsins í haust, m.a. Icesave-deilunnar og hryðjuverkalaganna. Í framhaldi af því fengu nokkrir góðir menn á Austurlandi þá hugmynd að biðja mig um að sækjast eftir því að verða formaður Framsóknarflokksins. Það gekk eftir og hér er ég.

Hverjar verða áherslur þínar sem formanns?

Áherslan verður á samvinnu, enda var Framsóknarflokkurinn myndaður um samvinnu. Nú þurfum við svo sannarlega á samvinnu ólíkra hópa að halda. Við munum leita eftir ráðum til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði, hvort sem þeir eru framsóknarmenn eða ekki, og ekki hafna góðum hugmyndum á grundvelli þess hvaðan þær koma. Það hefur verið svekkjandi að verða var við að sumir flokkar eru enn fastir í skotgrafahernaðinum og líta ekki við því sem kemur frá öðrum en eigin flokksmönnum.

Um hvað verður kosið á laugardaginn?

Í stuttu máli má segja að kosið verði um það hvort hér eigi að koma efnahagslífinu af stað með raunhæfum aðgerðum eins og Framsókn hefur lagt til, eða að biðja þar til þjóðarbúið verður komið í þrot eins og allt stefnir nú í. Við höfum möguleika til að stöðva hrunið, spurningin er hvort tækifærið verður nýtt. Þar er skuldaleiðrétting upp á 20 prósent lyklatríði, auk þess að koma bönkunum af stað og leysa gjaldmiðilskrisuna. Allt þetta er hluti af efnahagstillögum Framsóknar sem legið hafa fyrir í tvo mánuði.

Er ekki 20% leiðin of dýr?

Nei. Það er arangt sem fulltrúar stjórnarflokkana hafa haldið fram að kostnaður falli á ríkið og þar með skattgreiðendur. Í fyrsta lagi er ekki um fjármagn ríkisins að ræða og í öðru lagi felur tillagan það ekki í sér að auka kostnað heldur að lágmarka tap. Þetta er spurning um að þeir sem skuldi njóti nokkurs af afskriftum kröfuhafa, ekki afskriftum

ríkisins. Þannig kemst hagkerfið aftur af stað og meira skilar sér á endanum bæði til ríkisins, í formi meiri skatttekna, og til kröfuhafa sem þá fá greiðslur sem þeir fengu ekki með því að keyra hagkerfið í þrot.

Hvað með þá sem hefðu ekki þurft leiðréttingu eða skulda ekkert?

Grundvallarhugmyndin á bak við 20% leiðréttingu er að koma efnahagslífinu af stað. Með leiðréttingunni komast fleiri í hóp þeirra sem geta tekið þátt í að byggja upp efnahagslífið og þar með breytast aðstæður til batnaðar fyrir alla.

Voru það mistök að verja stjórn Samfylkingarinnar og VG falli?

Nei, það var rétt ákvörðun út frá hagsmunum þjóðarinnar að koma á starfhæfri ríkisstjórn þótt það hefði eflaust skilað Framsóknarflokknum meira fylgi að aðhafast ekkert og horfa á upplausnina. Við vorum mjög meðvitund um að taka þjóðarhagsmunum fram yfir flokkshagsmunum. Það var reynt að mynda þjóðstjórn án árangurs svo þetta var eini kosturinn sem eftir var. Það er svo annað mál að Samfylkingin og Vinstri græn brugðust algerlega í því að grípa til raunhæfra aðgerða til bjargar heimilum og fyrirtækjum landsins. Það voru mikil vonbrigði og við ræddum það oft en einu sinni í þingflokknum hvort við ættum að falla frá því að verja stjórnina falli. Það hefði hins vegar verið óábyrgt úr því sem komið var.

Þú sinnir erilsömu starfi, er tími fyrir tómtundir?

Nei, ekki frá því að ég tók við. Ég hef ekki einu sinni náð að sinna tölvupóstinum og á mörg hundruð ósvöruð tölvubréf í pósthólfinu mínu. Það verður forgangsverkefni að bæta úr því strax eftir kosningar. Þá vonast ég líka til að hafa dálítinn tíma til að sinna áhugamálum, m.a. skipulagsmálunum sem vonandi verða bæði áhugamál og vinna enda hef ég áhuga á að gera ýmislegt á því sviði á vettvangi stjórnmalanna.



1. SÆTI Í REYKJAVÍK SUÐUR Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

LJÓSMYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

Birgir Þórarinnsson skrifar:

Löskuð þjóð úr viðjum stjórnleysis

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar brást þjóð sinni á ögurstundu. Sjálfstæðisflokkurinn er í sárum, frjálshyggjubyltingin hefur étið börnin sín. Samfylkingin er verðlaunuð fyrir aðgerðaleyfið örlagaríka.

Ráðherra sem brást

Samfylkingin segist nú geta bjargað þjóðinni með sama fólkunni og brást. Ráðherra bankamála í bankahrúni, Björgvín Sigurðsson, sem stakk viðvörunarskýrslum ofan í skúffu, talaði ekki við Seðlabankann og var ekki treyst fyrir upplýsingum af eigin félögum er nú á leið inn á Alþingi á

ný. Sá hinn sami vermir efsta sætið í Suðurlandshöndum sem gefur honum tilkall til að verða bankamálaráðherra á nýjan leik komist Samfylkingin í ríkisstjórn eftir kosningar sem flest bendir til. Er nema von að Íslendingar séu rúnir öllu trausti alþjóðasamfélagsins? Sama fólk, sömu mistök.

Málið snýst um trúverðugleika heillar þjóðar, ekki persónur og góða drengi.

Ráðherra sem sparkar í lausnara sinn

Jóhanna Sigurðardóttir, sem getur þakkað Framsókn fyrir að vera fyrsta

konan í embætti forsætisráðherra á Íslandi, sparkar stöðugt í þessa sömu Framsókn fyrir það að dirfast að koma með nauðsynlegar tillögur til bjargar heimilunum í landinu.

Þrátt fyrir háværar kröfur á Austurvelli um breytingar lítur út fyrir að Samfylkingin, besti vinur útrásarvikinganna, verði verðlaunuð sem stærsti stjórnmalaflokkurinn, verðlaunuð fyrir að hafa hunsað viðvaranir og brugðist þjóð sinni í nauð. Undarleg þessi stjórnmal.

Traustsins verðir

Framsókn leysti þjóðina úr viðjum

stjórnleysis Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar og bauð að verja nýja minnihlutastjórn vantrausti svo lágmarka mætti skaðann fram að kosningum. Nú lítur út fyrir að kjósendur ætli að refsa Framsókn fyrir að verja ríkisstjórnina, ef marka má skoðakannanir. Undarleg þessi stjórnmal.

Framsókn kom því til leiðar að þjóðin fær að kjósa nýtt Alþingi þann 25. apríl nk.

Framsókn kom því til leiðar að þjóðin fær að velja nýja stjórnmalamenn sem hún treystir til þess að leiða þjóðina í gegnum erfið ár.

Hverjum treystir þú í raun?



Birgir Þórarinnsson er guðfræðingur og MA í alþjóðasamskiptum. Hann skipar 3. sætið fyrir Framsóknarflokkinn í Suðurlandshöndum.

SUÐURKJÖRDÆMI – 1. SÆTI

Án Framsóknarflokksins dýpkar kreppan

Á flokksþinginu í janúar fæddist von hjá Sigurði Inga Jóhannssyni, oddvita Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, um að stefna flokksins gæti leitt þjóðina út úr þrengingunum.

Hvers vegna forstu að starfa í pólitík?

Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á þjóðmálum og sögu. Á uppvaxtarheimili mínu og í fjölskyldunni var mjög eðlilegt að ræða um stjórnmál. Móðir mín og afi höfðu bæði setið í sveitarstjórn. Reyndar var ég fyrst kosinn persónukosningu í sveitarstjórn, þ.e. án þess að þjóða mig fram en þar hef ég setið í 15 ár nú í vor. Ástæða þess að ég er nú í framboði til Alþingis er að í vetur fór um mig eins og marga aðra. Ég hafði misst alla von um að stjórnmálamaður gætu leitt þjóð okkar út úr vandanum. Á flokksþingi okkar framsóknarmanna gerðist hins vegar eitthvað. Hjá mér sem og mörgum öðrum fæddist von. Von um að við gætum unnið þjóðinni gagn með stefnu Framsóknarflokksins að leiðarljósi. Ég vildi þjóða fram krafta mína og reynslu – og hér er ég kominn.

Hverjar eru helstu pólitísku hugsjónir þínar?

Jafnræði þegnanna og réttlátt samfélag. Ég treysti á blandað hagkerfi þar sem kraftur einstaklinga fær að blómstra í samvinnu við bæði félag og opinbera aðila.

Hver eru stærstu einstöku mál komandi kosninga?

Stærsta einstaka mál þessara kosninga er tillaga Framsóknar um 20% leiðréttingu lána heimila og minni fyrirtækja. Endurreisn heimila og fyrirtækja ásamt uppbyggingu atvinnulífsins sem byggja á 18 liða tillögum Framsóknar eru þau mál sem þjóðin þarfnast. Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur lagt fram heildstæðar tillögur um það hvernig við snúum kreppunni við. Án Framsóknarflokksins og framsækinn hugmynda hans óttast ég að kreppan dýpki og við lendum í víthring atvinnuleysis og gjaldþrota heimila og fyrirtækja.

SVIPMYND

SIGURÐUR INGI JÓHANSSON varð 47 ára í vikunni. Hann er dýralæknir að mennt og hefur unnið sem slíkur á Suðurlandi í tæp 20 ár. Hann er auk þess oddviti Hrunamannahrepps. Sigurður Ingi er stúdent frá Menntaskólanum á Laugarvatni og lauk námi frá Konunglega dýralæknis- og landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn (KVL) 1989. Sigurður Ingi er í sambúð með Elsu Ingjaldsdóttur og eiga þau 5 börn og dótturson að auki. Sigurður Ingi er sonur Jóhanns H. Pálssonar bónda í Dalbæ og Hröðnyjar Sigurðardóttur.

Hvers vegna ætti fólk að kjósa Framsókn en ekki einhvern annan flokk?

Framsóknarflokkurinn er öfgalaus, frjálsslyndur félagshyggjuflokkur, miðjflokkur sem nær með skynsemissstefnu að draga vinstri og hægri inn á miðjuna. Framsókn hefur sett fram tillögur sem fela í sér skynsamur en róttækar aðgerðir til þess að endurreisa efnahag þjóðarinnar. X við B er einfaldlega besta leiðin til að tryggja jafnræði og réttlæti.

Hver eru helstu áhugamál þín, utan stjórnmála?

Þau eru fjölmörg, en tímaleysi setur þeim takmörk. Hestamennska ekki síst ferðalög á sumrin til fjalla, íþróttir, tónlist, kórastarf, sagan og margt fleira. Auk þess samvera með stórfjölskyldunni og vinum.

Hvernig verð þú frítímanum?

Veit varla hvað frítími er. En reyni að slaka á með fjölskyldunni eða með þátttöku í einhverju þeirra áhugamála minna sem ég nefndi fyrr.



1. SÆTI Í SUÐURKJÖRDÆMI Sigurður Ingi Jóhannsson dýralæknir

Höskuldur Þórhallsson skrifar

Ný hugsun – ný framsókn

Í efnahagskreppunni leynast mörg tækifæri. Tækifæri fyrir þjóð sem hefur farið mörg skref fram úr sér. Þjóð sem er harðger, dugleg og framkvæmdasöm. Íslendingar hafa áður glímt við erfiðleika í efnahagsmálum en á tímum sem þessum verðum við öll að hafa hugfast að við munum losa okkur úr vandræðunum. Viljastyrkur er allt sem þarf. Vilji til að velja skynsömustu leiðina til að leiða þjóðina fram á við og skapa nýtt, sanngjarnara og réttlátara Ísland.

Velferðarkerfinu má ekki fórn

Við framsóknarmenn höfum alltaf verið í fararbroddi fyrir efnahagsumbótum á Íslandi. Atvinna fyrir alla hefur alltaf verið okkar kjörorð. Óflugt atvinnulíf er undirstaða trausts velferðarkerfis. Velferðarkerfis sem á að vera fyrir alla óháð efnahag, stöðu og búsetu. Velferðarkerfi þar sem við hlúum að þeim sem minna mega sín.

Línurnar í stjórnmálum landsins eru í mínum huga skýrar. Þegar kemur að uppbyggingu heilbrigðis- og félagslega kerfisins eru skýr skil á milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Við höfum einkavæðingu í velferðarmálum. Einkavæðing velferðarkerfisins mun gera það að verkum að útvaldir eiga greiðari aðgang að heilbrigðisþjónustu. Þeim efnaminni býðst lakari þjónusta. Sumir munu ekki hafa efni á þjónustunni. Það á að vera hluti af samneyslu þjóðarinnar. Þegar Framsóknarflokkurinn skiladi af sér heilbrigðiskerfinu fyrir tveim árum gerði OECD úttekt á því. Niðurstaðan var sú að við Íslendingar ættum lofsvert heilbrigðiskerfi. Samfylkingin var reiðubúin í tíð síðustu ríkisstjórnar að hefja einkavæðingu heilbrigðisþjónustu landsmanna. Kjósendur ættu að hafa það í huga þegar gengið verður til kosninga þann 25. apríl n.k.

Öll börn eiga líka að eiga kost á

menntun burtséð frá efnahag foreldra þeirra. Menntun er grunnurinn að framtíð þjóðarinnar.

Skýr munur á okkur og öðrum flokkum

Það er einnig skýr munur á stefnu Framsóknar og Sjálfstæðismanna í atvinnumálum. Við viljum skapa ramma utan um atvinnulíf, aðstæður þar sem komið verður í veg fyrir einokun og hringamyndanir. Við höfum alltaf barist fyrir eflingu Samkeppnis- eftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins. Fámenn þjóð þolin ekki einokun. Við höfum líka bent á það að gildi eins og samvinna verða að komast aftur upp á yfirborðið. Samvinnuhugsjónina verður að endurvekja því að hún er langsterkasta leiðin til snúa óheillaþróun í hinum dreifðari byggðum við þar sem virk samkeppni þrífst ekki.

Um leið er skýr munur á stefnu Framsóknarflokksins og Vinstri grænna í atvinnumálum. Við tölum um raunhæfar lausnir. Við viljum sem

minnst afskipti ríkisvaldsins af fyrirtækjum. Við viljum styðja heimamenn í vöðleiti þeirra til að byggja upp atvinnustarfssemi á þeirra heimasvæði. Við höfum forræðishyggju vinstri manna.

Segum ekki eitt og meinum annað

Framsóknarflokkurinn er ábyrgur flokkur sem byggir stefnu sína á hugsjónum og gildum. Við breytum ekki um stefnu þótt á móti blási. Við segjum ekki eitt en meinum annað. Við tölum ekki upp í eyrað á fólk og höldum fram mismunandi stefnu eftir því hvar við erum staddir heldur þorum að taka erfiðar ákvarðanir og standa og falla með þeim. Áttum okkur á því að framtíð landsins fellst í því að við höfum full yfirráð yfir auðlindum landsins. Við viljum taka ákvarðanir um okkar málefni sjálf. Í því liggur munurinn á Framsóknarflokknum og Samfylkingunni.

Framsóknarflokkurinn er skýr val-



Höskuldur skipar 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi

kostur í íslenskum stjórnmálum. Við höfum lagt fram raunhæfar tillögur í efnahagsmálum og viljum að þjóðin viti fyrir hvað við stöndum. Það hafa aðrir flokkar ekki gert.



BJÖRGUNARAÐGERÐIR Það var opið hús hjá Björgunarsveit Kópavogs á laugardaginn. Siv Friðleifsdóttir, oddviti Framsóknarflokksins í Kraganum, spreytti sig á bor sem notaður er við björgunaraðgerðir.

Að hlúa að þjóð

Að hlúa að þjóð er brýnt verkefni í kjölfar efnahagshrunsins. Við höfum horft á velstæð fyrirtæki blæða út á undanförunum mánuðum. Dýrt fjármagn og óvissa letur atvinnurekendur til að efla framleiðslu og krafturinn þverr með hverjum mánuðinum sem líður án þess að gripið sé til aðgerða. En nú verðum við að fara breyta vandamálum í verkefni svo hægt sé að bretta upp á ermarnar og fara að vinna. Það skiptir miklu máli að hjól atvinnulífsins fari að snúast af krafti og fyrirtækjum verði skapaður grundvöllur til að starfa.

Í NV-kjördæmi eru mörg smá en sterk fyrirtæki sem þarf að styðja við bakið á. Við skulum ekki gleyma að þar hefur orðið til þekking og reynsla af margra ára eða áratuga þróunarstarfi.

Skriptir gríðarlega miklu máli að hún tapist ekki með aðgerðaleyfi stjórnvalda og sinnuleysi. Þessi fyrirtæki hafa mörg hver skapað sér framleiðslu-grundvöll og nýtt sér sérstöðu þess svæðis sem þau eru rekin á og tekist með aðáunarverðum dugnaði að koma undir sig fótunum þrátt fyrir að hafa verið utan við þensluhverfi annarra landssvæða. Fyrirtækin hafa þurft að laga sig að misjöfnum aðstæðum svo sem erfiðum samgöngum, óöryggi í raforkuflutningi og gríðarlega miklum aðstöðumun hvað varðar kostnað á flutningi aðfanga.

Framsóknarflokkurinn hefur bent á það hversu mikilvægt það er að ráðast í sérstakt átak til að bæta samgöngur og fjarskipti og að flýta þurfi mannafls-frekum framkvæmdum. Þetta myndi



HALLA SIGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR skipar 5. sæti á lista Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi.

ekki aðeins skapa atvinnu heldur er svo löngu komin röðin að mörgum samgöngumannvirkjum í þessu kjördæmi sem nauðsynleg eru til að fyrirtæki og nútíma samfélög fái að njóta sín með eðlilegum hætti.



Mæting á fund ungra framsóknarmanna í A Skaftafellssýslu fór fram úr björtustu vonum. Rúmlega 70 manns litu inn.



GESTUR VALGARÐSSON (TIL HÆGRI) ræðir við kjósendur í Smáralind um helgina.

Áherslur ungra

Ungir framsóknarmenn á Hornafirði endurvöktu Félag ungra framsóknarmanna í Austur-Skaftafellssýslu með pompi og prakt í gamla kaupfélagsbústaðnum. Meðal þeirra sem sóttu fundinn voru frambjóðendurnir Sigurður Ingi Jóhannsson, Einar Freyr Elínarson og Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem er einnig formaður SUF.

Ungir framsóknarmenn berjast fyrir öðrum málefnum en þeir eldri. Má þar nefna aukna atvinnuönguleika fyrir ungt fólk á sumrin, sumarannir í háskólum, niðurfellingu skólagjalda við opinbera háskóla, fleiri stúdenta-íbúðir og fleira.

Nýtt fólk og skýr sýn

Gestur Valgarðsson, sem skipar 3. sæti Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, segir að Íslendingar séu samkeppnishæfir á þekkingarmarkaðnum og í því felist sóknarfæri sem verður að nýta. „Eftir efnahags-hrunið fór Framsóknarflokkurinn í gegnum endurnýjun sem almenningur kallaði eftir, í dag státum við því af styrk í nýju fólki og skýrri sýn í atvinnu- og efnahagsmálum sem er mest aðkallandi í þessum kosningum.“

Gestur minnst einnig á hugsanlega útkomu kosningana. „Hættan er að hér myndist sérkennilegt stjórnar-

far sem einkennist af öfgum til vinstri eða hægri. Ég vil meina að Framsóknarflokkurinn sé akkeri skynseminnar sem þörf er á í hverri ríkisstjórn.“

Um skilaboð til kjósenda sagði hann: „Ég hvet hvern og einn til þess að velta fyrir sér hlutunum í stærra samhengi. Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram 18 liða tillögur um leiðir út úr kreppunni sem æ fleira fólk úr ólíkum fylkingum sér að eru raunhæfar. Það er því mikilvægt að við fáum atkvæði kjósenda til þess að þessar lausnir komist að.“

Kosningaskrifstofur

Akranes	431 2050	Sunnubraut 21
Akureyri	462 1665	Hólabraut 13
Borgarnes	894 1266	Vínakaffi, Hrafnakletti 1b
Blöndós	696 8402	Húnabraut 32
Djúpivogur	849 3417	Langabúð
Egilsstaðir	471 2586	Austrasálmur
Fáskrúðsfirði	895 1532	Búðarvegi 13 (Viðarsbúð)
Garðabær	565 6061	Kirkjulundi 19
Grindavík	893 1416	Framsóknarhúsinu
Grundarfjörður	894 4076	Framsóknarhúsinu
Hafnarfjörður	862 0966	Dalshrauni 5
Húsavík	861 1765	Kiwanishúsinu við Garðarsbraut
Hvammstanga	848 0007	Kjallara félagsheimilisins
Hveragerði	893 3176	Reykjamörk 2
Hvolsvöllur	692 9030	Gamla Essoskálanum
Höfn í Hornafirði	893 9308	Hafnarbraut 2
Ísafjörður	456 3690	Pollgötu 4
Kópavogur	555 3096 - 555 3097	Digranesvegi 12
Ólafsvík	894 1334 - 893 4718	Framsóknarhúsinu
Mosfellsbær	862 2442	Háholti 14
Neskaupstaður	860 3509	Hafnarbraut 4, 2. hæð (Brenna)
Reyðarfjörður	474 1624	Kaffistofu Skinneyjar
Reykjanesbær	421 1070	Framsóknarhúsinu Hafnargötu 62
Reykjavík	551 6011	Borgartúni 28
Sauðárkrúkur	453 5374	Suðurgötu 3
Selfoss	482 2547 - 482 2416	Eyrvægi 15
Siglufirði	467 1880	Suðurgötu 4, 3. hæð
Stöðvarfjörður	860 3509	Fjarðarbraut 40 (Steðji)
Vík í Mýrdal	864 2919	Hótel Vík

Dagskrá fram að kosningum

Það er mikið um að vera hjá framsóknarmönnum um land allt fram að kosningum. Sjá nánar á www.framsokn.is/kjordaemi.

Dags.	Reykjavíkurborg	Suðvesturkjördæmi	Suðurborg	Norðausturkjördæmi	Norðvesturkjördæmi
21. apríl 2009				Bændafundur í Eyjafjarðarsveit og ungliðapartí á Egilsstöðum	Hádegisfundur á Hvanneyri
22. apríl 2009	Borgarafundur á RÚV Reykjavík suður Konukvöld kl. 20		Róleg stemning í kaupfélagsbústaðnum í boði FUF	Kvennakvöld á Akureyri	Fundur á Hvammstanga og á Akranesi
23. apríl 2009	Sumarhátíð	Vöflukaffi í Kópavogi milli kl. 14 og 17	Brunch í Grindavík frá kl. 11-13	Kvennakvöld á Egilsstöðum	
24. apríl 2009	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV
25. apríl 2009	Alþingiskosningar 2009 Kosningavaka á Hótel Borg	Alþingiskosningar 2009 Kosningavaka í Kópavogi	Alþingiskosningar 2009 Kosningavökur á Selfossi og í Reykjanesbæ.	Alþingiskosningar 2009 Kosningavaka á Akureyri og Húsavík	Alþingiskosningar 2009 Kosningavaka í Borgarnesi

FRUM

KVÆÐI

FYRIR

OKKUR

ÖLL

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
1. sæti Reykjavík norður

Siv Fiðleifsdóttir
1. sæti - Suðvesturkjördæmi

Steinur Ingi Jóhannsson
1. sæti - Suðurlkjördæmi

Birkir Jón Jónsson
1. sæti - Norðaustur-
kjördæmi

Vigdís Hauksdóttir
1. sæti Reykjavík suður

Gunnar Bragi Sveinsson
1. sæti - Norðvesturkjördæmi

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur sýnt raunverulegt frumkvæði og orðið við kröfum kjósenda um endurnýjun. Með kosningu nýs formanns, nýrrar forystu og mikilli endurnýjun á framboðslistum hefur Framsókn svarað kalli almennings eftir raunverulegum breytingum.

Framsókn tók líka frumkvæði í því að skipta út fyrrverandi ríkisstjórn með því að styðja við minnihlutaríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Tilgangur þess var að brjóta upp doða aðgerðarleysis svo koma mætti í veg fyrir frekara efnahagshrun, aukningu atvinnuleysis og gjaldþrotahrinu heimila og fyrirtækja. Kosningarnar 25. apríl eru viðbrögð Framsóknar við ákófum og sanngjörnum kröfum þjóðarinnar um að fá að stokka spilin upp á nýtt.

Framsókn er eini flokkurinn sem hefur sýnt frumkvæði í að koma með raunverulegar lausnir sem geta tekið á þeim gríðarlega vanda sem íslenskt efnahagslíf og íslenskar fjölskyldur standa nú frammi fyrir. Með 20% leiðréttingu skulda er strax gripið til aðgerða og blaðinu snúið við.

Á laugardaginn færð þú tækifæri til að taka frumkvæði í þínar hendur og velja breytingar. Framsóknarflokkurinn býður skýran valkost – almennar lausnir sem virka og byggja á þeirri einföldu hugmyndafræði að með því að veita Íslendingum sjálfum svigrúm til að vinna sig út úr vandanum, með dugnaði og atorkusemi, verði þjóðinni best borgið.

- Leiðréttingu skuldir heimilanna
- Stöðvum efnahagshrunið
- Endurreisum efnahagslífið
- Byggjum upp fjölbreytt atvinnulíf
- Þjóðum sumarannir fyrir námsmenn
- Tryggjum öflugt velferðarkerfi
- Semjum nýja stjórnarskrá sem undirstöðu fyrir nýtt Ísland



FRAMSÓKN



 **Þjóðargjöf til þín** **Kr. 1.000**

Þessi ávísun er 1.000 króna gjöf frá bókaútgefendum og bóksölum.
Ávísunin veitir þér 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir í bókabúðum þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki.

Gildir til 4. maí 2009

 9 773535 201747

Í Viku bókarinnar fá öll heimili á landinu senda þessa ávísun á bókakaup. Undanfárin þrjú ár hafa bókaútgefendur og bóksalar efnt til þjóðargjafar til bókakaupa í tilefni af **Viku bókarinnar** og á þessum tíma hefur íslenska bókaþjóðin innleyst ávísanir fyrir

sem nemur tuttugu og fimm milljónum króna. Markmiðið hefur frá upphafi verið að styrkja lestur barna og unglunga og benda á að bóklestur er óumdeildur grundvöllur námshæfni, málproska og skilnings á samhengi. ***Gleðilegan lestur!***

Magnaður spennutryllir
frá framleiðandanum
Michael Bay.



FRUMSÝND 22.4.2009

UNBORN



9. HVER
VINNUR!


SENDU SMS ESL UBV
Á NÚMERIÐ 1900

ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BÍÓMIÐA!

VINNINGARERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
GOS, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!



149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja
Gunnarsson

Heilræði fyrir nýja þingmenn

Þegar maður var yngri og átti það til að fara á svig við reglur foreldra beitti maður stundum því ágæta bragði að benda á einhvern annan og tala fjálglega um hversu slæmur hann væri. Þetta var gert í þeirri veiku von að sú aðferð myndi nægja til að fegra manns eigin syndir. Þetta herbragð heppnaðist í flestum tilvikum ekki enda alveg sama hversu vondir aðrir eru, þeirra verk fegra ekki manns eigin gjörðir.

Stjórnmalamenn virðast þroskast seint upp úr þessum barnalegu undanbrögðum. Því þegar einhver bendir á spillingu í herbúðum þeirra er viðkvæðið oft að fara að tala um meiri spillingu einhverra annarra og reyna þannig að beina kastljósinu frá sjálfum sér í stað

þess að horfast í augu við galla sína og brestir. Þetta gerir þeirra yfirsjónir þó ekkert minni fyrir vikið.

Sá mæti maður, Jesús Kristur, hélt stutta tölu yfir lærisveinum sínum í Lúkasarguðspjalli þegar þeir áttu erfitt með að sætta sig við umburðarlyndi meistarans gagnvart hörum og öðrum syndurum. „Hví sérð þú flísina í auga bróður þíns?“ spurði hann. „En tekur ekki eftir bjálkanum í auga sjálfs þín?“ Og hann hélt áfram. „Hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Bróðir, lát mig draga flísina úr auga þér, en sérð þó eigi sjálfur bjálkann í þínu auga? Hræsnari, drag fyrst bjálkann úr auga þér, og þá sérðu glögg til að draga flísina úr auga bróður þíns.“ Ágætis heilræði fyrir hina nýju þingmenn.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FERMINGAGJAFIR



**ALLTAF
BETRA VERÐ**



**Toshiba
Satellite P300-1G9**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 320GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 17" WXGA breiðskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n og Bluetooth 2.0 • 4xUSB 2.0, FireWire, HDMI, eSATA, S-Video, ExpressCard Slot o.fl. • Windows Vista Home Premium

HDMI 17"

TOSHIBA

179.990




**acer
FARTÖLVA
15.6"**

Acer Aspire 5738Z-424G32MN

2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár með 1366x768 punkta upplausn • Intel Graphics Media Accelerator skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél í skjá • 4xUSB2, ExpressCard/54, HDMI(HDCP), VGA, SPDIF o.fl. • Windows Vista Home Premium



149.990



EPSON

MYNDASKANNI

Epson Perfection V10

Hágæða A4 myndaskanni sem skannar í 3200 x 9600 punkta upplausn og 3.2Dmax. USB tengi. Windows og Mac.

13.990



EPSON

FJÖLNOTATÆKI

Epson SX200

A4 fjölnota tæki. Prentar í 5760 x 1440 punktum, skannar í 1200 x 2400 og prentar 34 bls á mín. USB. Prentar beint af minniskortum. Windows og Mac.

14.990



EPSON

MYNDAPRENTARI

Epson S20

A4 bleksprautuprentari sem prentar í 5760 x 1440 punktum. USB. Windows og Mac.

7.990



HDMI

Acer H223HQAB

22" LCD

22" LCD breiðtjaldsskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 20.000:1 skerpu, 2 innbyggðum hátölurum, VGA, DVI og HDMI tengjum.

46.990



Logitech

**ÍSLENSKT
LYKLABORÐ**

Logitech Wave

Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum. Hannað með þægindi í huga. Fjöldi flýtihnappa.

9.990



Logitech

LASERMÚS

Logitech LS1

Laser mús með hárnákvæmum stýringum sem skrolla lóðrétt og lárétt, stömu gúmmí gripi o.fl. Windows og Mac.

4.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700


STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750



FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ í apríl og maí

Að skrifa texta á ensku - viðskiptaenska
hefst 27. apríl

Ítalska fyrir byrjendur
hefst 27. apríl

ÍST 200:2006 Raflagnir bygginga
hefst 28. apríl

Mígreni
haldið 29. apríl

Íslenska flóran
hefst 4. maí

Facebook sem markaðstæki – aukánámskeið
hefst 4. maí

Fuglar og fuglaskoðun
hefst 5. maí

Frístundalóðir: Umhirða og skipulag
hefst 5. maí

Starfsandi og starfsmannastjórnun í ríkisstofnunum
hefst 6. maí

Námstefna um átraskanir
haldið 6. maí

Íslenski þroskalistinn
haldið 7. maí

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti
haldið 8. maí

Franska Rivieran
hefst 11. maí

Eldfjöll
hefst 13. maí

Safnhaugar í heimilisgörðum
hefst 18. maí

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444
endurmenntun.is

> ÓLÉTT LEIKKONA

Leikkonan **Ellen Pompeo** úr spítaladramanu *Grey's Anatomy* þarf að heimsækja spítala meira á næstunni en góðu hófi gegnir. Pompeo á von á fyrsta barni sínu með eiginmanninum Chris Ivey. Þau hafa verið gift í tvö ár eftir að hafa kynnst í stórmarkaði fjórum árum fyrr.



fólk
folk@frettabladid.is

Slumdog- pabbi kærður

Pabbi Rubinu Ali sem lék hina ungu Latiku í Óskarsverðlaunamyndinni *Slumdog Millionaire* hefur verið handtekinn, grunaður um að hafa ætlað að selja dóttur sína fyrir 37 milljónir króna. Málið þykir hið ótrúlegasta; fjölmiðlar hafa fjallað töluvert um hvort aðstandendur kvikmyndarinnar hafi staðið við sína skilmála en þeir hafa sagst ætla að gera sitt til að tryggja börnunum í myndinni sómasamlega framtíð með framtíðarsjóði.

Pabbinn neitar alfarið sök.

DANNY BOYLE
Leikstjóri *Slumdog Millionaire*.



Lýsir yfir andláti Eurovision- stjarnanna í Mercedes Club

Pönkarinn og grunnskóla-kennarinn **Hlynur Áskelsson**, betur þekktur sem **Ceres 4**, er hvergi af baki dottinn heldur vinnur að nýrri plötu. Venju samkvæmt er pólitíkin aldrei langt undan en **Ceres sýnir líka á sér nýja hlið og syngur ballöður.**

Mikla athygli vakti þegar Hlynur birtist brúnn og „köttaður“ með Party-Hanz, Agli Gillzenegger og Gazman í hljómsveitinni Mercedes Club sem söng Ho ho ho, we say hey hey í söngvakeppni Sjónvarpsins fyrir ári síðan. Fljótlega fóru að berast fréttir af hugsanlegum landvinningum í útlöndum og erlendir útgáfurisur voru sagðir áhugasamir um að fá hljómsveitina til liðs við sig. Hins vegar hefur lítið frést af verkefnum hjá sveitinni og fyrir því er góð ástæða. „Ég held að það sé alveg óhætt að setja kross yfir leiðið hjá Mercedes Club, lýsa yfir andláti hennar og vona að minning hennar hvíli í friði,“ segir Hlynur í samtali við Fréttablaðið. Dauðdaginn, sem flesta var farið að gruna að væri óumflýjanleg-

ur, er staðreynd. „Við erum bara eins og Bítlarnir, áttum okkar stund og stað og ég leyfi mér stórlega að efast um að við komum nokkurn tímann aftur saman,“ heldur Hlynur áfram og vill lítið segja um ástæðurnar fyrir sambands slitunum, telur þó að spennuþrungin andrúmsloft milli Haffa Haff og Gillz hafi skipt þar sköpum. „Og svo voru menn ekki sammála um aðferðir til brúnku; sumir kusu ljósabekki á meðan aðrir vildu fara í brúnkusprautun.“ Hlynur kveðst þó þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í þessu mikla ævintýri sem vissulega hristi allrækillega upp í Eurovision-keppinni.

En Hlynur sjálfur hefur ekki lagt tónlistina á hilluna, því hann vinnur nú að plötu sem ráðgert er að komi út þegar sumarið er úti. Fyrsta lagið af plötunni er þó þegar farið að hljóma og það rímar heldur betur við samtímann. Sungið er um banka,

lögfræðinga og stjórnmálamenn og þann hausverk að hafa ekkert val. „Bankarnir eru að eignast allt og lögfræðingarnir fylgja á eftir og hirða upp það litla sem eftir er,“ segir Hlynur en bætir því þó við að ekki verði öll löggin af þessum toga. „Nei, ég syng líka ballöður, það verða krappar beygjur á þessari plötu,“ útskýrir Hlynur. Auk þess verður lag um fótbolta og knattspyrnu-dómara sem kemur út þegar Íslandsmótið í knattspyrnu byrjar og lagið West Ham verður að sjálf-sögðu meðal góðra gesta sem auka-lag. „Þetta var stutt gaman en var grand á meðan á því stóð.“

SYNGUR UM SAMTÍMANN
Hlynur Áskelsson, Ceres 4, syngur um þann hausverk að eiga ekkert val. Ný plata er væntanleg með pönkarinum og grunnskólakennaranum þar sem hann syngur ballöður til jafns við pólitíska texta.



Karlagórinn Stefnir
í Mosfellsbæ

Vortónleikar 2009

STJÓRNANDI
GUNNAR BEN

UNDIRLEIKARI
JUDITH ÞORBERGSSON

TÓNLEIKAR
Hlégarði laugardaginn 18. apríl kl 15:00
Grafarvogskirkju föstudaginn 24. apríl kl 19:30
Njarðvíkirkirkju laugardaginn 25. apríl kl 16:00

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ástmaður **Kylie Minogue** hefur látið húðflúra nafn hennar á sig til að sanna fyrir söngkonunni að hann sé ástfanginn af henni í alvörunni. Kylie og spænska fyrirsætan Andres Segura hafa verið saman um nokkurt skeið og fyrirsætan vildi endilega að Kylie efaðist ekki eitt augnablik um trúmennsku sína gagnvart henni.



Dekurhæðin

Sími: 577-3737 - www.dekurhaedin.is

NUDD
Verð frá
1690.-

Selásbraut 98
110 Árbæ S:577 3737



Söngkeppnin sló í gegn hjá Stöð 2

Kristín Þóra Jóhannsdóttir frá Akranesi sigraði í söngkeppni framhaldsskólanna með laginu Angels sem Robbie Williams gerði frægt. 115 þúsund áhorfendur horfðu á keppnina heima í stofu.



Á FRAMABRAUT Kristín Þóra Jóhannsdóttir frá Akranesi sigraði. 115 þúsund fylgdust með keppninni í beinni útsendingu. MYND/HELGI STEINAR HALLDÓRSSON

„Þetta er bara frábært og ekkert síður sigur fyrir framhaldsskólannemendur sem sáu fram á að geta ekki horft á keppnina í sjónvarpi,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, en hann var nýkominn með bráðabirgðaáhorfstölur frá söngkeppni framhaldsskólanna þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Gríðarlegur áhugi var á keppninni en eins og Fréttablaðið greindi frá hætti RÚV við að sýna frá keppninni, við litlar undirtektir framhaldsskólanna. Lengi vel stóð til að aðeins áhorfendur úti í sal á Akureyri gætu séð þessa sívinsælu söngkeppni, sem hefur alið af sér marga af frægustu söngvörum Íslands, en Stöð 2 hljóp í skarðið á síðustu stundu og forsvarsmenn hennar sjá væntanlega ekki mikið eftir því. Enda ekki á hverjum degi sem áskriftarstöð fær svo mikið áhorf. „En þetta er bara munurinn á því að sýna í opinni og lokaðri dagskrá.“

Pálmi viðurkennir að nú horfi menn bara til næsta árs enda standi til að endurtaka leikinn. „Það stóð aldrei til að tjalda til einnar nætur,“ segir Pálmi og bætir því við að samstarfið við alla

þá sem að keppninni komu hafi verið skemmtilegt. „Það er mikill kraftur í þessu fólki.“ Spurður hvort Stöðvar 2-menn horfi nú ekki hýru auga til Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, segir Pálmi að menn séu alltaf reiðubúnir að skoða alla hluti.

Einar Ben. hjá AM Events, sem skipulagði keppnina, segir helgina fyrir norðan hafa heppnast ótrúlega vel. „Miðað við þær upplýsingar sem við fengum frá lögreglunni á Akureyri telja menn það ótrúlegt að þetta skuli hafa farið svona vel fram miðað við þann fjölda sem þarna var samankominn.“ - fgg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 21. apríl 2009

→ Tónlist

20.00 Jónas Ingimundarson spilar og spjallar við áheyrendur um tónlist í Salnum við Hamraborg 6 í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

→ Opnanir

13.00

Jóhann Tryggvason

opnar

mál-

verkasýn-

ingu á

olíumál-

verkum í

galleríinu

á Garða-

torgi, Garðabæ.

Sýningin verður opin

alla daga kl. 13-18.



→ Sýningar

Svavar Pétur Eysteinnsson sýnir veggspjöld á sýningunni „Ekki meir“ sem nú stendur yfir í sýningarrýminu Bókabúðin, í Menningarmiðstöð Skaffelli á Seyðisfirði.

Ólafur Elíasson hefur opnað tvær sýningar. Í Galleríi 100° í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1. Opíð mán.-föst. kl. 11-17, lau. 13-17. Einnig í i8 Galleríi við Klappartíg 33, opíð mán. -föst. 8.30-16 og lau 13-17.

→ Kvikmyndir

20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir mynd japanska leikstjórans **Mikio Naruse, When a Woman Ascends the Stairs**, í Bæjarbíói við Strandgötu 6 í Hafnarfirði. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

→ Leiðsögn

12.05 **Kristján Mímisson** fornleifafræðingur segir í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu frá fornleifarannsóknunum á Kirkjubæjarklausti sem fóru fram á árunum 1995 - 2006 í. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Ný sumardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12-16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kauptu sumardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.
Skoðaðu www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

Miele

TVÆR ELDHÚSINNRETTINGAR

85% afsláttur

Vegna breytinga í verslun Eirvíkur eru tvær sýningareldhúsinnréttingar til sölu með 85% afslætti. Um er að ræða Miele innréttingar, aðra bláa og hina úr eik.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Velt og vaggad

af heilsufarsástæðum

Þér er boðið á fyrirlestur þýska vinnuvistfræðingsins dr. Dieter Breitheckers um hönnun skólahúsgagna með tilliti til heilbrigðrar hreyfiparfar barna og unglunga.

Dr. Breithecker er mjög þekktur á sínu sviði og hefur rannsakað umhverfi barna í skólum í mörg ár. Hann er meðlimur ECEE (International Ergonomics Association) og vinnur sem ráðgjafi fyrir þýska ríkið og helstu framleiðendur skólahúsgagna í Svíþjóð og Þýskalandi. Dr. Breithecker er eftirsóttur fyrirlesari um allan heim enda setur hann skoðanir sínar fram á einstaklega líflegan og skýran hátt.

Staður: Hilton Reykjavík Nordica
Stund: Miðvikudagurinn 22. apríl, kl. 12-13.30

Misstu ekki af skemmtilegum og fróðlegum fyrirlestri. Súpa í boði og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ Á BIFRÖST

Velkomin á opinn dag!

● Fimmtudaginn 23. apríl frá kl. 14 – 17.



Námsframboð allra deilda háskólans kynnt og starfsfólk og nemendur skólans ræða við áhugasama um nám og daglegt líf á Bifröst



Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða á nemendagörðum verður til sýnis



Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis, svo sem líkamsræktarsalir, heitir pottar, kaffihús og lestraraðstaða



Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg kynna starfsemi sína



Börnin geta farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu




Deildir háskólans keppa um deildarbikarinn. Hælahaup, stresstöskuganga, fótbolti o.fl.



Kaffi og vöffur handa öllum

FRÍTT Í
GÖNGIN Á
LEIÐINI
HEIM!


 Dalalíf
 Skólalíf
 Tilhugalíf
 Menningarlíf
 Fjölskyldulíf
 Nýtt líf





Ford Fiesta Trend (GIR46)
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Upphitanleg framsæti, rafdr.
rúður að framan ofl.
Skrd. 09/2007. Ek. 24.000 km.
Ásett verð 2.170.000 kr.
Afsláttur 290.000 kr.
Tilboðsverð 1.880.000 kr.

Ný dæmi
um verð og gæði



Nýtt tákni um gæði

**Við erum á
tánnum í dag
– fyrir þig**



Semdu við okkur um verð

**Nýtum það sem við eigum
Endurnýtum gjaldeyrinn
Komdu í Brimborg í dag**



**Kauptu notaðan bíl. Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með.
Fjöldi annarra Ford bíla í boði. Hringdu núna í síma 515 7000.**



Ford Focus Trend (ZZ420)
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Upphitanleg framrúða,
loftkæling ofl.
Skrd. 05/2006. Ek. 29.000 km.
Ásett verð 2.250.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Tilboðsverð 1.890.000 kr.



**Ford Transit 280S
Sendibíll (PA192)**
2,0TDCi 85 hÖ dísil beinskiptur.
Hleðslurými 6,55 m³, 6 dyra.
Skrd. 08/2005. Ek. 55.000 km.
Ásett verð með vsk. 1.990.000 kr.
Tilboðsverð með vsk. 1.690.000 kr.
Tilboðsverð án vsk. 1.357.429 kr.



Ford Focus Trend (KX713)
1,6 bensín beinskiptur station.
Upphitanleg framrúða,
16" álfelgur, skyggðar rúður ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 44.000 km.
Ásett verð 2.220.000 kr.
Afsláttur 330.000 kr.
Tilboðsverð 1.890.000 kr.



Ford Focus Trend (KGN01)
1,6 bensín sjálfskiptur station.
Upphitanleg framrúða, 15" álfelgur,
upphitanleg framsæti ofl.
Skrd. 03/2008. Ek. 16.000 km.
Ásett verð 3.250.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.
Tilboðsverð 2.990.000 kr.



Ford C-MAX Trend (OHB63)
1,6TDCi dísil beinskiptur 5 dyra.
Hæðarstillanleg framsæti,
loftkæling, sólarvörn í framrúðu ofl.
Skrd. 06/2008. Ek. 5.000 km.
Ásett verð 3.250.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Tilboðsverð 2.890.000 kr.



Ford Mondeo Ghia (DDX00)
2,0TDCi dísil sjálfskiptur 4 dyra.
16" álfelgur, nálægðarskynjarar framan
og aftan, tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 07/2007. Ek. 29.000 km.
Ásett verð 4.350.000 kr.
Afsláttur 480.000 kr.
Tilboðsverð 3.870.000 kr.



Ford Escape XLT 4x4 (LJ786)
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, hraðastillir,
dökkklitaðar rúður ofl.
Skrd. 06/2006. Ek. 44.000 km.
Ásett verð 3.090.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 2.690.000 kr.



**Ford Explorer Limited
4x4 (BK470)**
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Leðuráklæði, 17" krómfelgur,
nálægðarskynjari, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 01/2007. Ek. 41.000 km.
Ásett verð 5.150.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Tilboðsverð 4.790.000 kr.



**Ford Explorer Sport Trac
Limited 4x4 (PLF19)**
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Leðuráklæði, lok á palli,
tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 06/2008. Ek. 7.000 km.
Ásett verð 4.700.000 kr.
Afsláttur 430.000 kr.
Tilboðsverð 4.270.000 kr.



Ford Explorer XLT 4x4 (KP258)
4,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, dráttarbeisli,
hraðastillir ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 59.000 km.
Ásett verð 3.880.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 3.580.000 kr.



**Ford Expedition Limited
4x4 (NN561)**
5,4 V8 bensín sjálfskiptur 8 manna.
Leðuráklæði, rafdr. niðurfelling
3ju sætaraðar, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 03/2005. Ek. 98.000 km.
Ásett verð 3.800.000 kr.
Afsláttur 610.000 kr.
Tilboðsverð 3.190.000 kr.



**Ford Expedition Limited
4x4 (OY964)**
5,4 V8 bensín sjálfskiptur 8 manna.
Sóllúga, leðuráklæði, rafdr. afturhleri,
dráttarbeisli ofl.
Skrd. 05/2007. Ek. 45.000 km.
Ásett verð 6.680.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 6.380.000 kr.

Við erum á tánnum fyrir þig í dag.
Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu
notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is
og sannreynðu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
notadir.brimborg.is

Áfram Ísland

brimborg

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 18.45

Liverpool - Arsenal

Tvö af heitustu liðum Englands mætast í sannkölluðum sex stiga slag á Anfield. Bæði lið hafa verið á mikilli siglingu í deildinni en Arsenal hefur ekki tapað leik síðan í nóvember í deildinni á meðan Liverpool hefur sett mikla pressu á Englandsmeistara Man. Utd á toppi deildarinnar. Það má því með sannri trú segja að um tvö heitustu lið deildarinnar sé að ræða. Níttján ár eru síðan Liverpool vann ensku deildina en liðið eygir möguleika á að landa Englandsmeistarátílinum í vor en til þess að það gerist, þarf liðið að klára þá sex leiki sem eftir eru og vonast til að Man. Utd misstígi sig. Það verður sannkallaður magnaður knattspyrnuleikur á Anfield þegar tvö stórbrotin lið mætast.



VIÐ MÆLUM MED

Börn til sölu Sjónvarpið kl. 21.05

Heimildamynd um mansal á stúlkubörnum í Kambódíu eftir Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur og Guðmund Bergkvist. Á hverju ári eru tugþúsundir ungra stúlkna seldar í þrælkunarvinnu, kynlífsánaud og vændi. Í myndinni er fylgst með lífi þessara stúlkna, rætt við stúlkur sem eru í kynlífsánaud, stúlkur sem tekist hefur að bjarga og hjálparstarfsmenn á svæðinu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Pipar og salt
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Á slóðum Helga
- 15.03 Útlarpssagan: Blátt og rautt
- 15.30 Herbie Hancock og Head Hunters leika
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 23.00 Gatan mín
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (171:260)
- 16.30 Hollyoaks (172:260)
- 17.00 Seinfeld (17:22)
- 17.30 Ally McBeal (21:24)
- 18.15 The O.C. (18:27)
- 19.00 Hollyoaks (171:260)
- 19.30 Hollyoaks (172:260)
- 20.00 Seinfeld (17:22)

20.30 Ally McBeal (21:24) Ally ræður sér fylgdamann í von um að geta gert Greg afbýðisaman. Billy er ósáttur við glannalegan klæðnað Georgiu.

21.15 The O.C. (18:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

22.00 New Amsterdam (3:8) John Amsterdam hefur lifað í hartnær 400 ár í líkama 35 ára gamals manns. Hann starfar sem lögregluþáttur í New York enda gjörþekkir hann orðið hugi glæpamanna.

22.45 Peep Show (7:12) Sprenglæggilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

23.15 Weeds (8:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturfyljasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. Þegar hún fellur fyrir lögreglumanni í fíkniefnadeildinni flækist líf hennar verulega.

23.45 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.10 The Inspector Lynley Mysteries 11.00 The Inspector Lynley Mysteries 11.45 My Hero 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 The Black Adder 14.35 The Weakest Link 15.20 The Inspector Lynley Mysteries 16.10 The Inspector Lynley Mysteries 16.55 EastEnders 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 The Black Adder 19.10 The Inspector Lynley Mysteries 20.00 State of Play 20.50 My Hero 21.20 The Black Adder 21.50 State of Play 22.40 The Inspector Lynley Mysteries 23.30 The Inspector Lynley Mysteries

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Horisont 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.30 Sager der nager 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 13.15 Høvdinglebold 14.00 Spam 14.30 Monster allergi 15.00 Store Nørd 15.30 Lille Nørd 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Ønskehaven 18.30 Mission. Baby 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Lewis 21.35 Sager der nager 22.05 Boogie Mix

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Puls 10.35 Schrödingers katt 11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Slipp nåboene løs 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 Frilandsprinsen 13.00 NRK nyheter 13.05 Par i hjerter 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Dyrisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Trævelbymysteriene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Smaken av Danmark 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.20 Extra-trekning 20.30 Safari 21.00 Kveldsnytt 21.15 Murder on the Orient Express

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Bergen - Kirkenes t/r 10.35 I trädgården med Camilla Plum 11.05 Snölejon 11.45 Narkos 13.10 Drömprinsen 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Packat & klart 15.25 Flyttlasset går 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Vem tror du att du är? 19.00 Andra Avenyn 19.45 Calcium Kid 21.10 Kulturyheterna 21.25 Sommer 22.25 Inför Eurovision Song Contest 2009 23.25 Sändningar från SVT24 04.00

Mikið úrval rjómaosta

við öll tækifæri

med hvítlauk

hreinn

med kryddblöndu

med svartum pipar

med sölþurrkuðum tómötum

med appelsínulíkjör

OUTLET CENTER

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰ LAUGARDAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰ SUNNUDAGA 12⁰⁰ - 17⁰⁰

OUTLET CENTER • FAXAFEN 8 • SÍMI 534 4450



BEE& BEE HLÝRABOLUR
St:xs-xl Verð: 990,-



MIKIÐ ÚRVAL AF KÓSÝ PEYSUM
Verð frá: 2.990,-



HETTUPEYSUR DÖMU OG HERRA
St:xxs-l Verð áður: 2.490,- Verð nú: 990,-



LEVI'S BUXUR HERRA
Verð áður: 4.990,- Verð nú: 3.990,-

ÍPRÓTTABUXUR DÖMU OG HERRA

St:s-xxxxl Verð: 2.990,-

SPINAIR HERRA BOLIR St:xs-xl

Verð áður: 690 Verð nú: 499

VALDAR VÖRUR Á 99 KR MJÖG MIKIÐ ÚRVAL



CHICCO REGNHLÍFARKERRA
MEÐ POKA OG REGNSLÁ.

Aðeins: 9.999,-

KLINKIÐ

LÁGVÖRUMARKAÐUR

...ótrúleg verð

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰

LAUGARDAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰

SUNNUDAGA 12⁰⁰ - 17⁰⁰



HUGGIES BLAUTPURRKUR
4 STÓRIR PAKKAR SAMAN.

Aðeins: 1.199,-

Fullt af skemmtilegri og nytsamri vöru á **199 kr.**

THERMOS BARNABAKPOKI MEÐ KÆLIHÓLFI, FÆST Í BLEIKUM OG BLÁUM LIT. 799 KR. HRINGLAGA PLASTBOX M/LOKI 5 SAMAN 4376 ML, 2425 ML. 1478 ML. 768 ML. 354 ML. MÁ SETJA Í FRYSTI OG UPPÞVOTTAVÉL. VERÐ 999 KR. BARNAHERÐARTRÉ 8 Í PAKKA 4 LITIR 199 KR. GOTT ÚRVAL AF HENGI-LÁSUM 199 KR. HÁTALARI FYRIR IPOD OG MP3 SPILARA. 999 KR. FULLT AF FALLEGUM BLÓMAPOTTUM AF ÝMSUM STÆRÐUM OG GERÐUM VERÐ FRÁ 49 KR. MIKIÐ ÚRVAL AF HUNDA OG KATTARÐÓTI 199 KR.

ERUM MEÐ GOTT ÚRVAL AF CHICCO VÖRUM Á GÓÐU VERÐI OG FLEIRI VÖRUR VÆNTANLEGAR.

KOMDU, SJÁÐU OG SPÁÐU Í VERÐIÐ

KLINKIÐ • FAXAFEN 8 • SÍMI: 568-4892



BAKPANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir

Æla

Orðið æla er óaðlaðandi. Það er hins vegar þeim heillandi eiginleika gætt að það er hægt að setja nánast hvaða samhljóða sem er á undan því og þá öðlast það nýja merkingu, samanber orðin bæla, dæla, gæla, fæla, næla, sæla og svo framvegis. Fá orð í íslensku státa af þessu. Stjórnmalaflokkar eru að þessu leyti eins og æla. Tökum bókstafinn X og bætum öðrum bókstaf fyrir aftan hann, D, V, S eða F, og flokkurinn breytir um merkingu, að minnsta kosti út á við en hvílir þó alltaf á sama grunni – flokka-kerfinu, eða ælunni, ef svo má að orði komast.

MARGT í hinni pólitísku atburðarás á Íslandi undanfarin misseri minnir á eiginleika orðsins æla. Fyrir nokkrum árum skrifaði ungur heimspekingur tímaritsgrein sem bar yfirskriftina „Allt sama tóbakið?“ Þar rýndi hann í stefnuskrár stjórnmalaflokkanna og reyndi að greina hvað skildi þá raunverulega að. Niðurstaða hans var á þá leið að tiltölulega fátt greindi íslenska stjórnmalaflokka hvorn frá öðrum, að minnsta kosti ef marka mætti stefnuskrár þeirra, sem væru meira eða minna sama móðsuðan.

GREININ vakti nokkur viðbrögð á sínum tíma. Gáfaður vinur minn minnti mig svo á að það varð til efni lítils málfings sem efnt var til á litlu kaffihúsi í tilefni greinarinnar. Þar tóku nokkrir stjórnmalamenn til máls og sögðu þetta vera ofureinföldun hjá heimspekingnum; það væri vissulega mikill munur á flokkunum, stefnuskrárnar væru í raun hátíðarplögg sem ekki mætti taka of bókstaflega. Stjórnmalamennirnir aðhylltust sem sagt ekki bókstafstrú heldur listabókstafstrú. Seinna lagði ungi heimspekingurinn sitt af mörkum til að sanna ágæti kenningar sinna, gekk til liðs við flokk og því næst annan og vann fyrir þá báða af sannfæringu. Sjálfsgæti gæti hann svo prófað þann þriðja ef hann bara vildi. Þetta tel ég honum ekki til vansa heldur aðeins dæmi um það hve auðvelt það ætti að vera að komast að samkomulagi við sjálfan sig og aðra í jafn agnarlitlu samfélagi og Íslandi. Í um 300 þúsund manna samfélagi sem þegar á ógrynni af heitu vatni, gjöful fiskimið og velmenntaða íbúa hlýtur að vera hægt að finna farsæla og sameiginlega lausn. Jafnvel án þess að tveimur álverksmiðjum sé bætt við þær sem fyrir eru. Verksmiðjuhugmyndirnar þykja mér reyndar stalínísk forræðishyggja og í raun — algjör þvæla.

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 21. apríl,
111. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.34	13.26	21.20
Akureyri	5.10	13.11	21.14

Heimild: Almanak Háskólans

ÓVERÐTRYGGÐIR VEXTIR LÆKKA UM 2%

Landsbankinn leiðir lækkun vaxta

Landsbankinn tekur enn eitt mikilvægt skref í þá átt að létta undir með heimilum og fyrirtækjum í landinu.

Við tökum vel á móti þér um land allt.

Komdu við í útibúinu þínu eða hringdu í okkur í síma 410 4000.



410 4000 | landsbankinn.is